

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir 2022

Niðurstöður afkvæmarannsókna í sauðfjárrækt, haldnar á vegum bænda

Árni B. Bragason og Eyþór Einarsson

Hér er að finna yfirlit yfir niðurstöður afkvæmarannsókna sem bændur framkvæmdu sjálfir fyrir sína hrúta. Megin tilgangur þessa verkefnis er að fá sem bestan samanburð á það hvað hrútarnir eru að gefa og hefur verið lögð áhersla á það að bændur afkvæmaprófi lambhrúta sína á skipulagaðan hátt þannig að sem bestur dómur fái á þá veturgamla hvort þeir standi undir væntingum eður ei. Hér er fyrst og fremst um samanburð innan bús að ræða en einkunnir eru ekki samanburðarhæfar milli búa.

Afkvæmarannsóknir

Í samanburðinum þurfa að vera að lágmarki 5 hrútar og þar af 4 veturgamlir (hrútar fæddir 2021). Fjöldi umfram það er ótakmarkaður. Hver hrútur þarf að eiga 8 afkvæmi af sama kyni sem eru ómmæld og stiguð og 15 afkvæmi með kjötmatsupplýsingar. Hrútar sem eingöngu eru notaðir á veturgamlar ær (gemlinga) eru ekki marktækir í slíkan samanburð nema að allir hrútarnir í samanburðinum séu notaðir á veturgamlar ær.

Styrkur á hvern veturgamlan hrút í afkvæmarannsókn haustið 2022 er miðað við að sé 6.000 kr.

Borgarfjörður

Arnpórsholt, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Hábeinn	20-124	Rupp	18-125	97,8	113,2	124,7	111,9	14,9	8,9	5,1	29,8	2,0	17,3	129,5
Hrammur	20-125	Rammi	18-834	97,3	115,8	115,6	109,6	14,8	9,2	5,2	29,7	2,5	17,4	131,1
Arion	21-122	Glitnir	19-848	104,7	99,6	100,1	101,5	15,5	9,0	5,8	29,3	2,5	17,2	131,5
Sjóður	21-121	Glitnir	19-848	103,5	98,7	87,4	96,5	15,4	8,8	5,6	28,7	2,5	17,0	129,3
Eldur	21-124	Breki	16-824	90,9	101,2	93,9	95,3	14,3	8,5	5,1	28,7	2,5	17,1	132,8
Grjóti	21-125	GráKolli	17-124	98,1	92,1	93,1	94,5	14,9	8,7	5,7	28,6	2,3	17,2	133,6
Frosti	21-126	Fennir	19-857	109,1	79,8	80,1	89,7	15,8	8,4	6,0	28,4	2,4	16,5	127,9
Meðaltal:								15,0	8,7	5,5	29,0	2,4	17,1	130,7

Veturgömlu hrútarnir hér ná ekki að skáka þeim Hábeini 20-124 og Hrammi 20-125 sem hér stóðu efstir haustið 2021 en hafa nú sætaskiptis ef horft til heildareinkunnar. Dætur Hábeins mælast með þykkastan bakvöðva en þær mælast jafnframt fitulitlar á baki. Fitumat á sláturlömbum gefur jafnframt skýrt til kynna að afkvæmi hans eru einn fituminnsti hópurinn í þessum samanburði. Afkvæmi Hramms standa hinsvegar á toppnum þegar kemur að gerðarmati sláturlamba og jafnframt stigast dætur hans best fyrir læri. Fallþungaeinkunn sláturlamba er aðeins undir búsmeðaltali hjá báðum þessum hrútum. Hrammur er sonur Ramma 18-834 frá Hesti en aðkeyptur frá Oddstöðum og móðir hans dóttir Spaks 14-801 sem þaðan var fenginn á stöð. Móðurmóðir Hábeins er aðkeypt frá Oddstöðum dóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum en föðurfaðir Hábeins er fenginn frá Hesti sonur Bekra 12-911 frá Hesti. Sá veturgamlri hrútur sem kemst næst þessum félögum er Arion 21-122 sonur Glitnis

19-848 frá Efri-Fitjum. Sláturlömb undan honum eru 0,5 kg yfir meðaltali í fallþunga og hann kemur heilt yfir nokkuð sterkur út úr mati á lifandi lömbum og sláturlömbum í þessum samanburði. Móðir Arions er samfeðra Hábeini 20-124 en móðir hennar er aðkeypt frá Oddsstöðum. Arion hefur því miður farist af slysförum svo hans framlag verður ekki stærra.

Oddsstaðir, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Krókur	20-149	Rammi	18-834	98,2	121,9	112,8	110,9	16,6	11,0	5,2	29,6	2,0	17,8	139,9
Haki	21-151	Krókur	20-149	101,1	108,2	120,7	110,0	16,9	11,8	6,5	30,0	2,2	17,9	139,8
Barri	21-148	Börkur	17-842	103,1	104,4	105,4	104,3	17,1	10,4	5,3	28,9	2,0	17,8	140,8
Askur	21-146	Kostur	19-849	99,9	104,7	106,8	103,8	16,7	10,1	5,0	29,5	2,0	17,5	141,6
Víti	21-147	Austri	19-847	102,5	91,0	100,1	97,8	17,0	10,7	6,1	29,2	2,3	17,6	135,5
Einir	21-145	Viðar	17-844	98,4	98,6	83,1	93,4	16,6	10,6	5,7	27,8	2,1	17,7	139,8
Silfri	21-149	Glitnir	19-848	97,8	75,8	70,3	81,3	16,6	9,6	5,7	27,1	2,0	17,4	138,5
Meðaltal:								16,8	10,5	5,6	28,9	2,1	17,7	139,4

Líkt og á síðasta ári er efstur í heildina Krókur 20-149 sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Krókur er að skila næstbest gerða sláturlambahópnum og mat á lifandi lömbum tónar vel við það. Móðir Króks er dóttir Kletts 13-962 frá Borgarfelli. Sonur Króks, Haki 21-151 er að skila best gerða sláturlambahópnum og skarar þar verulega fram úr öðrum hrútum. Kjötmatseinkunn hans verður hinsvegar ekki að sama skapi framúrskarandi þar sem þetta er jafnframt sá sláturlambahópur sem metinn er feitastur. Sú fita er þó langt frá því að vera til skaða fjárhagslega. Dætur Haka mælast jafnframt með þykkastan bakvöðva og stigast best bæði fyrir framsítt og læri. Móðir Haka er dóttir Burkna 13-951 frá Mýrum 2 og móðurmóðir hans dóttir Bursta 12-912 frá Hesti. Haki er allrar athygli verður sem lambafaðir og var ákveðið að falast eftir því að fá hann sem þátttakanda í afkvæmarannsóknina á Hesti árið 2023. Það verður áhugavert að sjá hvernig honum vegnar í þeirri samkeppni.

Hellur, Bæjarsveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Glitri	21-567	Glitnir	19-848	101,7	132,5	105,3	113,2	18,2	12,3	6,1	31,1	2,4	17,7	159,5
Váli	21-570	Viðar	17-844	110,2	95,3	122,6	109,4	18,9	12,3	7,9	31,8	2,2	18,1	162,1
Rjómi	21-568	Reynir	15-329	104,5	109,9	107,5	107,3	18,4	12,5	7,8	31,2	2,5	17,7	158,5
Tröllli	19-561	Kraftur	11-947	88,0	91,7	112,6	97,4	17,0	10,6	6,4	31,3	2,2	17,8	157,0
Vír	21-569	Viðar	17-844	99,2	108,2	83,7	97,0	17,9	11,6	6,8	30,3	2,7	17,5	161,4
Glúmur	21-566	Glámur	16-825	101,4	95,0	92,4	96,3	18,1	11,7	7,5	30,2	2,4	17,4	158,0
Vættur	19-560	Kraftur	11-947	99,1	81,9	79,9	87,0	17,9	10,8	6,8	29,3	2,1	17,4	154,9
Meðaltal:								18,0	11,5	7,0	30,7	2,3	17,6	158,5

Hér eru til samanburðar lambahópar sem tekið hafa út góðan þroska. Efstur í heildareinkunn stendur Glitri 21-567 undan Glitni 19-848 frá Efri-Fitjum. Yfirburðina sækir hann fyrst og fremst í gríðarlega hagstætt kjötmat því þessi hrútur sameinar afbragsvel góða gerð og þroska en lömbin samt fitulítill. Móðir Glitra er dóttir Þórs 13-694 sem fenginn var hingað frá Hesti og móðurmóðir hans er dóttir Hriflons 07-837 frá Hriflu. Auk fyrrnefndar kostna er Glitri arfblendinn lítt næmur gagnvart riðuveiki. Váli 21-570 er sonur Viðars 17-844 frá Bergsstöðum í Miðfirði. Sláturlömb undan Vála eru 0,9 kg yfir meðaltali í fallþunga, mælast með þykkastan bakvöðva og stigast afgerandi best fyrir læri. Gerð þeirra er jafnframt ein sú besta en þetta er feitasti sláturlambahópurinn sem dregur kjötmatseinkunn niður fyrir 100. Váli er fallinn í valinn en móðir hans var dóttir Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum. Rjómi 21-

568 sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar og á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður. Hann er sonarsonur Spaks 14-801 frá Oddsstöðum en að baki móður hans standa þeir Hvati 13-926 frá Hesti og Bósi 08-901 frá Þóroddsstöðum í annan ættlið. Þeir Glitri, Váli og Rjómi koma áberandi betur út en hinir hrútarnir í þessari rannsókn þó þar séu engir aukvisar á ferð.

Hrísar, Flókadall

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Víkingur	21-780	Bolti	19-002	101,4	105,4	134,8	113,9	15,9	9,5	5,8	29,3	2,5	17,4	142,6
Þjófur	20-792	Rammi	18-834	98,8	115,8	113,1	109,3	15,7	10,0	5,9	27,6	2,2	17,1	134,3
Rússi	20-791	Amor	17-831	95,0	122,0	109,2	108,8	15,4	9,6	5,3	26,8	2,1	17,4	131,9
Dráttur	19-779	Bliki	16-819	125,7	85,6	105,2	105,5	17,7	10,1	7,0	28,0	3,0	17,5	140,7
Mariás	20-790	Kassi	19-112	102,5	105,7	90,1	99,4	16,0	9,7	6,0	26,5	2,5	17,1	133,0
Flakkari	21-796	Búi	15-822	97,7	94,9	86,5	93,0	15,6	9,1	5,8	25,5	2,1	17,2	130,3
Teljari	21-794	Dólgur	14-836	89,2	85,3	91,0	88,5	15,0	8,6	5,7	26,2	2,3	17,1	133,7
Jeppi	21-781	Botni	18-126	89,1	91,8	74,6	85,2	15,0	8,6	5,5	25,3	2,2	17,0	135,9
Meðaltal:								15,8	9,4	5,9	26,9	2,4	17,3	135,2

Hér stendur veturgamall hrútur efstur Víkingur 21-780. Yfirburðina sækir hann að mestu í mat á lifandi lömbum en dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva í þessum samanburði. Fallþungi og mat á sláturlömbum liggur hinsvegar rétt yfir meðaltali. Víkingur er aðkeyptur frá Guðmundi Ólafssyni í Ólafsvík. Bolti 19-002 faðir hans er frá Mávahlíð en móðir hans er dóttir Myrkva 10-905 frá Brúnastöðum. Næstur kemur Þjófur 20-792 sem er sonur Ramma 18-834 frá Hesti. Dætur hans mælast með þriðja þykkastan bakvöðva en jafnframt fitulitlar. Fallþungi er í tæpu meðallagi en þessi lömb flokkast ákaflega vel miða við fallþunga en gerð þeirra sú næstbest í þessari rannsókn. Móðir Þjófs er sonardóttir Hvata 13-926 frá Hesti. Rússi 20-791 er sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum. Dætur hans stigast vel fyrir læri og flokkun sláturlamba er góð þrátt fyrir að þau séu dálítið undir meðaltali í fallþunga. Þeir Blakkur 07-865 frá Álftavatni og Hukki 06-841 frá Kjarlaksvöllum standa að baki móður Rússa í annan ættlið. Dráttur 19-779 sonur Blika 16-819 frá Árbæ sýnir mikla yfirburði í fallþunga sláturlamba og á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður. Dætur hans mælast jafnframt með næstþykkastan bakvöðva í þessum samanburði. Dráttur er aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi og að baki móður hans í annan ættlið standa þeir Magni 13-944 frá Heydalsá 1 og Lampi 12-980 frá Melum 1.

Deildartunga, Reykholtssdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stöpull	21-100	Stapi	16-829	111,2	107,5	134,6	117,8	17,4	9,4	6,1	30,9	3,2	17,6	143,3
Örvar	21-326	Akur	20-346	102,8	98,0	114,7	105,2	16,6	9,1	6,2	29,5	3,4	17,5	151,4
Krimmi	21-101	Dólgur	14-836	91,7	97,9	100,7	96,8	15,8	9,3	6,4	28,6	3,2	17,2	143,4
Öxull	21-328	Stakkur	20-339	99,8	101,1	80,5	93,8	16,4	8,9	5,8	27,5	3,8	17,6	147,7
Stallur	21-327	Klettur	20-342	98,2	97,6	81,2	92,3	16,3	8,7	5,8	28,2	3,6	17,2	150,5
Meðaltal:								16,4	9,0	6,1	28,7	3,5	17,4	147,4

Hér eru til samanburðar fimm veturgamlir hrútar. Stöpull 21-100 sonur Stapa 16-829 frá Kirkjubæjarklaustri 2 stendur afgerandi efstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir frambart og læri. Fallþungi sláturlamba er einu kíló yfir meðaltali og gerð þeirra sú besta. Móðir Stöpulls er dóttir Fáfns 16-995 frá

Mýrum 2. Stöpull er arfblendinn lítt næmur gagnvart riðuveiki. Örvar 21-236 kemur býsna vel út úr mati á lifandi lömbum en það skilar sér ekki í neinum yfirburðum í kjötmatshlutanum. Stöðvahrúta er ekki að finna í ættartré Örvars fyrr en í 3. ættlið en þar má sjá þá Spak 14-801 frá Oddsstöðum og Börk 13-952 frá Efri-Fitjum.

Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Pór	20-398	Mjöllnir	16-828	96,9	135,5	137,6	123,3	17,1	10,7	5,9	30,2	2,6	17,8	117,9
Hvutti	20-394	Gutti	13-984	97,6	113,7	130,0	113,8	17,1	10,9	6,7	30,8	3,1	17,8	128,7
Skjöldur	21-359	Dólgur	14-836	112,9	73,1	124,3	103,4	18,6	10,3	7,8	31,3	3,2	17,6	126,2
Glámur	21-355	Fennir	19-857	101,4	115,6	92,6	103,2	17,5	10,6	6,3	27,9	2,5	17,5	124,7
Kyllir	21-357	Kostur	19-849	97,2	105,8	86,0	96,4	17,1	10,6	6,7	28,7	3,4	17,6	126,8
Dóni	21-352	Dólgur	14-836	96,5	78,1	108,4	94,3	17,1	9,6	6,8	30,1	3,1	17,4	124,0
Örn	20-399	Fálki	17-821	100,8	106,6	66,6	91,3	17,4	10,2	6,3	26,5	2,7	17,1	120,2
Karfi	21-356	Glitnir	19-848	106,5	95,3	71,1	91,0	17,9	10,0	6,5	27,8	2,9	17,2	131,8
Alvar	19-371	Guðni	17-814	101,2	97,8	58,7	85,9	17,5	10,4	6,9	26,6	2,8	16,8	125,7
Erill	21-353	Stapi	16-829	91,9	64,1	98,0	84,6	16,7	9,0	6,6	29,1	2,8	17,2	125,9
							Meðaltal:	17,4	10,2	6,6	29,1	2,9	17,5	124,7

Líkt og á síðasta ári stendur hér efstur Þór 20-398 sonur Mjöllnis 16-828 frá Efri-Fitjum. Hann sýnir nú mikla yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatinu. Bakvöðvi er sá þriðji þykkasti hjá dætrum hans, þær stigast áberandi best fyrir frambart og stigast best fyrir læri ásamt dætrum Hvutta 20-394. Sláturlambahópurinn er í öðru sæti hvað gerðina varðar, fitan er sú minnsta en fallþunginn 0,3 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir Þórs er dóttir Kára 10-904 frá Ásgarði. Hvutti 20-394 sonur Gutta 13-984 frá Þóroddsstöðum kemur næstur í heildareinkunn en dætur hans koma mjög sterkar út úr mati á lifandi lömbum. Þar munar mestu um að þær mælast með næst þykkastan bakvöðva og stigast jafnar Þórsdætrum fyrir læri. Þetta endurspeglast vel í kjötmatinu þar sem Hvutti á best gerða sláturlambahópinn. Fallþungi þessara lamba er 0,3 kg undir meðaltali. Móðir Hvutta er dóttir Burkna 13-951 frá Mýrum 2. Skjöldur 21-359 sonur Dólgs 14-836 frá Víðikeri á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 1,2 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar en fita er jafnframt áberandi mest á þessum lambahópi sem tekur kjötmatseinkunina hressilega niður en gerð þessara lamba er í góðu meðallagi. Móðir Skjaldar er sonardóttir Rafals 09-881 frá Úthlíð. Glámur 21-355 sonur Fennis 19-857 frá Heydalsá 1 er að skila mjög fínu kjötmati en þeir yfirburðir koma ekki fram í mati á lifandi lömbum undan honum. Móðir Gláms er dóttir Áls 17-351 sem var öflugur lambafaðir hér á bæ fyrir fáeinum árum.

Sámsstaðir, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kjammi	20-252	Rammi	18-834	95,8	134,2	130,2	120,1	16,3	10,5	5,9	31,0	3,1	17,9	134,4
Vafi DÓ	21-262	Sammi	16-841	104,5	98,4	119,3	107,4	16,9	9,2	6,0	30,0	2,6	17,3	139,2
Uggi	21-261	Glitnir	19-848	95,0	89,5	135,4	106,6	16,2	9,1	6,1	31,3	2,8	17,7	126,9
Otur	21-259	Glitnir	19-848	97,0	119,2	97,9	104,7	16,3	10,4	6,3	28,1	2,8	17,7	132,0
Þristur	20-256	Vestri	19-298	95,8	105,2	112,1	104,4	16,3	10,0	6,5	29,6	2,7	17,3	128,5
Heljar	20-251	Skúmur	19-296	103,9	100,8	95,2	100,0	16,9	9,6	6,3	28,8	3,1	17,5	132,1
Vísir	21-263	Víðar	17-844	109,4	91,8	90,0	97,1	17,3	9,0	6,1	28,8	3,0	17,5	137,4
Bútur	21-257	Búi	15-822	86,7	97,5	83,3	89,2	15,3	9,7	6,2	27,7	3,0	17,3	133,3
Hnefill	21-258	Völlur	18-835	105,1	79,2	79,8	88,0	17,0	10,0	7,5	28,4	3,4	17,4	135,9
Vöðull	21-264	Völlur	18-835	103,4	79,1	70,4	84,3	16,8	8,6	6,1	27,5	2,9	17,0	138,5
							Meðaltal:	16,6	9,6	6,3	29,0	2,9	17,4	133,8

Kjammi 20-252 sonur Ramma 18-834 frá Hesti stendur hér efstur með afgerandi góðar niðurstöður. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast best fyrir frampart og læri. Gerð sláturlömba er einnig best hjá Kjamma en fallþungi er 0,3 kg undir meðaltali. Móðir Kjamma er sonardóttir Dreka 13-953 frá Hriflu. Vafi 21-262 undan Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum á gimbrahóp sem mælist með þykkan bakvöðva og fremur litla fitu en stígun skarar ekki fram úr með sama hætti. Sláturlömbin eru 0,3 kg yfir meðaltali í fallþunga en gerð þeirra nokkuð undir meðaltali. Móðir Vafa er sonardóttir Borkós 11-946 frá Bæ. Uggi 21-261 sonur Glitnis 19-848 frá Efri-Fitjum er sá hrútur sem á gimbrahópinn með þykkasta bakvöðvann. Þessar gimbrar stigast jafnframt vel fyrir læri en afkvæmi Ugga liggja hinsvegar talsvert undir meðaltali þegar kemur að gerð sláturlamba. Móðir Ugga er sonardóttir Borkós 11-946 frá Bæ. Otur 21-259 er samfeðra Ugga og er hann hinsvegar að skila næstbestu gerð sláturlamba og hér tónar mat á lifandi lömbum betur við kjötmatið. Móðir Oturs er sonardóttir Hriflons 07-837 frá Hriflu. Loks má nefna Þrist 20-256 sem er sonur Vestra 19-298 sem hefur verið einn besti hrútur búans síðastliðin ár. Þristur stóð ofarlega haustið 2021 í afkvæmarannsókn hér og er áfram að skila um margt hagfelldum niðurstöðum. Móðir Þrists er sonardóttir Guffa 08-869 frá Garði.

Porgautsstaðir 2, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Fífill	20-181	Durtur	16-994	99,0	108,8	139,1	115,6	15,9	10,0	6,1	31,4	2,9	17,7	129,0	
Klatti	20-178	Móri	13-982	105,2	120,8	91,2	105,7	16,5	10,0	5,6	29,1	3,0	17,4	123,7	
Melkólfur	21-184	Sammi	16-841	98,1	102,1	109,1	103,1	15,7	9,8	6,2	30,6	3,1	17,5	126,0	
Högni	21-187	Völlur	18-835	103,2	101,8	101,2	102,1	16,4	10,2	6,5	29,9	2,9	17,2	129,6	
Skallagrím	21-186	Glitnir	19-848	100,7	93,1	108,8	100,9	16,1	8,9	5,7	30,1	2,6	17,2	131,6	
Klaki	21-183	Fennir	19-857	94,6	106,1	98,0	99,6	15,4	9,1	5,3	28,9	2,3	17,1	127,5	
Gluggi	21-188	Viddi	16-820	99,2	73,6	46,1	73,0	16,0	8,6	6,0	26,7	3,1	17,2	137,8	
Meðaltal:									16,0	9,5	5,9	29,6	2,9	17,4	130,2

Fífill 20-181 sonur Durts 16-994 frá Hesti kemur afgerandi sterkastur út úr þessum samanburði líkt og hann gerði á síðasta ári. Dætur hans mælast nú með þykkastan bakvöðva og stigast afgerandi best fyrir læri. Gerð sláturlamba er ein sú besta en fita er aðeins yfir meðaltali. Móðir Fífills er dótturdóttir Snæs 07-867 frá Ingjaldsstöðum. Klatti 20-178 sonur Móra 13-982 frá Bæ stóð sig einnig vel í afkvæmarannsókn hér haustið 2021. Hann átti þá eins og nú þyngsta sláturlambahópinn þó lömbin séu yngri en annara hrúta í rannsókninni. Þau eru ekki fædd seinna, heldur var stór hluti þeirra búin að ná nægum þroska í fyrstu slátrun snemma í september. Gerð sláturlamba er metin snöggtum betri nú en í fyrra þó fallþunginn sé sá sami. Móðurfaðir Klatta er Blær 11-979 frá Kambi og fara Klattadætur vel af stað sem mæður eins og ætterni þeirra gefur væntingar um. Högni 21-187 sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum er sá hrútur hér sem skilar bestri gerð sláturlamba en þar sem þau eru jafnframt metin feitust dugar góð gerð skammt til að lyfta kjötmatseinkunninni. Högni er dóttursonur Lása 13-985 frá Leifsstöðum.

Höll, Þverárhlið

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	21-239	Viddi	16-820	106,8	111,1	111,1	109,7	19,5	10,4	6,4	31,2	2,6	17,6	150,9
	21-240	Völlur	18-835	95,7	93,9	128,5	106,0	18,5	10,8	7,5	31,7	2,9	18,0	144,1
	20-236	Tvistur	14-988	97,8	100,7	105,2	101,2	18,7	10,9	7,4	31,1	2,7	17,5	139,4
Strandi	21-250	Sólmundu	20-322	104,6	96,9	69,7	90,4	19,4	10,5	7,2	30,4	3,7	17,5	144,8
	21-243	Fennir	19-857	97,3	96,1	76,7	90,0	18,6	10,9	7,5	29,5	3,5	17,7	142,9
							Meðaltal:	18,9	10,8	7,2	30,9	3,1	17,7	143,5

Hér stendur efstur 21-239 sem er svartfleckóttur undan Vidda 16-820 frá Fremri-Gufudal með nokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Sláturlömb undan honum eru afgerandi fituminni en lömb undan öðrum hrútum í þessum samanburði þó að þetta sé þyngsti sláturlambahópurinn. Móðurfaðir er Krapí 13-940 frá Innri-Múla og móðurmóðurfaðir er Svali 10-862 frá Melum 1. 21-240 er sonur Vallar 18-835 frá Snartarstöðum. Hann er langefstur í mati á lifandi lömbum enda mælast dætur hans með þykkastan bakvöðva og stigast áberandi best fyrir framt og læri. Sambærilegir yfirburðir koma ekki fram í kjötmatshlutanum þó þar sé um þryðileg sláturlömb að ræða. Þeir Dreki 13-953 frá Hriflu og Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum standa að baki móður hans í annan ættlið.

Lækjarbugur, Hraunhreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Oddur	21-539	Krókur	20-149	96,2	136,6	148,1	127,0	15,8	10,7	5,4	28,5	2,6	17,2	144,8
Þurs	19-525	Óðinn	15-992	94,8	95,8	116,2	102,2	15,6	9,1	5,3	27,4	2,6	16,8	141,3
Nonni	20-535	Fálki	17-821	111,0	90,2	104,8	102,0	16,9	9,7	5,7	27,0	2,9	17,1	135,0
Morgunn	18-522	Krummi	17-515	93,7	101,6	105,3	100,2	15,7	10,1	6,0	26,6	2,8	16,9	138,4
Gói	21-536	Tónn	18-855	110,9	95,2	78,1	94,7	17,0	10,4	6,2	25,5	3,2	17,0	137,0
Krissi	21-537	Nonni	20-535	107,4	104,3	67,8	93,2	16,7	10,3	5,9	25,2	3,3	16,8	141,7
Úlfur	21-538	Valur	17-512	90,7	86,6	90,4	89,2	15,4	9,0	5,5	26,0	2,8	16,7	140,0
Valur	17-512	Dreki	13-953	97,6	84,1	79,3	87,0	15,9	9,3	5,7	25,5	2,7	16,5	138,2
							Meðaltal:	16,1	9,9	5,7	26,6	2,9	16,9	139,4

Oddur 21-539 stendur hér langefstur í heildareinkunn. Gimbrar undan honum mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast best. Sláturlömbin er jafnframt nokkuð afgerandi best í gerð og fitulítil. Fallþungi er hinsvegar 0,3 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Oddur er aðkeyptur frá Oddstöðum í Lundarreykjadal, sonur Króks 20-149 sem þar hefur staðið sig afbragðs vel sem lambafaðir sl. tvö ár. Þeir Spakur 14-801 frá Oddstöðum og Náli 15-806 frá Hesti standi að baki móður Odds í annan ættlið. Nonni 20-535 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum og Gói 21-536 mórauður sonur Tóns 18-855 frá Melum 1 eru að sýna talsverða yfirburði í fallþunga sláturlamba og afkvæmi Góa eru næstefst hvað gerð sláturlamba varðar.

Snæfellsnes

Jörfi, Kolbeinsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kvistur	21-736	Sammi	16-841	113,4	119,4	126,8	119,9	18,2	10,6	6,7	29,7	2,7	17,6	149,2
Dári	19-702	Spakur	14-801	100,0	110,4	122,8	111,0	16,7	9,6	6,3	29,7	2,8	17,3	150,2
Skarfur	20-720	Ljúfur	19-091	103,5	111,8	109,8	108,4	17,0	10,3	6,9	28,6	3,0	17,5	148,5
Sópur	21-731	Viðar	17-844	106,9	108,0	106,9	107,3	17,3	10,5	7,2	28,5	2,8	17,5	157,5
Leyndur	21-735	Völlur	18-835	100,4	109,3	110,4	106,7	16,7	9,6	6,3	28,8	2,7	17,3	150,3
Saumur	21-733	Búi	15-822	93,2	105,0	91,7	96,6	16,1	9,7	6,5	27,9	3,0	17,1	148,6
Gleymdur	21-737	Viddi	16-820	97,7	94,1	75,1	89,0	16,5	9,4	6,6	27,6	3,5	17,2	151,1
Móri	20-719	Durtur	19-706	96,8	71,4	80,7	83,0	16,5	8,8	6,8	27,1	2,8	17,1	154,6
Fósi	21-732	Stapi	16-829	93,1	81,4	59,7	78,1	16,1	8,4	6,1	26,0	2,9	16,8	153,1
Meðaltal:								16,7	9,5	6,5	28,4	2,9	17,3	151,5

Kvistur 21-736 undan Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum stendur hér efstur í heildareinkunn með talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Dætur hans og dætur Dára 19-702 mælast með þykkastan bakvöðva og Kvistsdætur skora hæst í lærastigum. Kvistur á þyngsta sláturlambahópin og jafnframt þann hóp sem metinn er best gerður. Móðir Kvists er sonardóttir Vetrar 12-914 frá Hesti. Næstur honum í heildareinkunn kemur Dári 19-702 undan Spak 14-801 frá Oddstöðum. Dætur hans mælast sem fyrr segir með þykkastan bakvöðva en lærastigum og gerð sláturlamba liggur nærri meðaltali rannsóknarinnar. Þessi lömb eru hinsvegar fremur fitulítill sem hækkar einkunn fyrir kjötmatshlutann. Skarfur 20-720 er að skila heldur góðri útkomu í öllum þáttum rannsóknarinnar, ekki síst góðri gerð og fallþunga en fita á þessum lömbum er í hærri kantinum miðað við hina hópana. Skarfur er sonarsonur Spaks 14-801 frá Oddstöðum og móðir hans er dóttir Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum. Sópur 21-731 sonur Viðars 17-844 frá Bergsstöðum í Miðfirði á þann sláturlambahóp sem er í öðru sæti gagnvart gerð og fallþungi þessara lamba er 0,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar. Þetta er hinsvegar sá sláturlambahópur sem metinn er feitastur og það kemur því heldur til lækkunar í þessum samanburði. Móðir Sóps er sonardóttir Hængs 10-903 frá Geirmundarstöðum.

Mýrdalur, Kolbeinsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Palpatine	20-406	Grábiti	19-149	116,7	107,8	120,2	114,9	17,8	10,4	7,0	29,3	3,0	17,4	142,7
Bogi	20-146	Amor	17-831	97,2	117,8	118,4	111,1	16,4	9,7	5,9	29,8	3,3	17,3	142,4
Maron	20-344	Skúmur	19-335	90,7	101,9	123,1	105,2	15,8	9,5	6,3	30,0	2,9	17,4	145,7
Váli	21-661	Viðar	17-844	100,9	101,9	97,0	99,9	16,7	10,1	6,9	27,9	2,9	17,1	148,7
Gnúpur	21-666	Eros	20-201	89,0	100,4	106,0	98,5	15,7	9,3	6,1	29,0	2,9	16,9	146,7
Stakkur	21-659	Stapi	16-829	103,8	86,6	103,7	98,0	17,0	9,5	6,8	28,8	3,2	17,3	139,2
Kvistur	21-662	Viðar	17-844	106,9	93,8	86,4	95,7	17,2	9,7	6,8	28,1	3,4	17,2	147,0
Gluggi	21-664	Glitnir	19-848	102,2	92,2	89,6	94,6	16,8	9,6	6,8	28,0	3,3	17,1	142,5
Brestur	20-653	Durtur	16-994	87,8	102,3	77,3	89,1	15,8	9,8	6,6	27,5	3,5	17,2	141,7
Skúnkur	21-658	Stapi	16-829	100,5	89,9	73,4	87,9	16,7	9,6	6,9	27,4	3,8	16,9	148,5
Meðaltal:								16,6	9,8	6,6	28,6	3,2	17,2	144,1

Palpatine 20-406 stendur hér efstur í heildareinkunn. Hann kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og sláturlambahópur undan honum er metinn sá best gerði. Þessi sláturlömb skara verulega framúr öðrum hópum í fallþunga og þessi lömb 1,2 kg þyngri en meðaldilkur í rannsókninni. Þetta er jafnframt feitasti sláturlambahópurinn þó ekki sé nú hægt að tala þarna um feit lömb miðað við nærri 18 kg fallþunga. Palpatine er svatur að lit. Hann er fenginn að láni frá Snorrastöðum í sömu sveit þar sem hann er til heimilis en hrúturinn er kauphrútur frá Ragnari á Heydalsá. Hann er sonarsonur Ebita 13-971 frá Melum 1. Bogi 20-146 undan Amori 17-831 frá Snartarstöðum á þann gimbrahóp sem mælist með

næstþykkastan bakvöðva. Lærastigun og gerð sláturlamba liggur nærri meðaltali en þetta er fituminnsti sláturlambahópurinn. Bogi er aðkeyptur frá Oddstöðum í Lundarreykjadal og er móðir hans dóttir Anga 15-802 frá Klifmýri. Maron 20-344 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt vel. Sláturlambahópurinn er hinsvegar einn sá léttasti en prýðilega gerður miða við fallþunga. Maron er aðkeyptur frá Haukatungu syðri 1 og faðir hans aðkeyptur frá Gaul í Staðarsveit sonarsonur Mávs 15-990 frá Mávahlíð. Af veturgömlum hrútum sem taka þátt í rannsókninni er það Váli 21-611 sonur Viðars 17-844 frá Bergsstöðum í Miðfirði sem er að skila bestu gerðinni og þeirri næstbestu. Móðir Vála er dóttir Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2.

Haukatunga syðri 2, Kolbeinsstaðahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Haki	20-506	Mjöllnir	16-828	103,7	114,7	114,9	111,1	18,2	11,2	6,5	29,7	2,5	17,8	155,4	
Plús	20-507	Mínus	16-827	86,8	113,3	117,2	105,7	16,9	10,1	5,5	29,8	2,2	17,5	152,6	
Úði	21-512	Viðar	17-844	113,1	100,3	100,8	104,7	19,0	11,2	7,1	29,8	2,7	17,6	152,9	
Munkur	21-515	Kostur	19-849	97,2	103,7	105,1	102,0	17,7	11,1	6,9	30,1	3,0	17,7	153,3	
Hnokki	21-520	Tilberi	19-330	100,1	103,8	101,0	101,7	17,9	11,1	6,9	28,9	2,7	18,0	145,3	
Töfri	21-516	Fennir	19-857	95,3	83,2	118,6	99,0	17,4	10,1	6,8	30,6	2,6	18,0	153,0	
Loki	21-521	Bjargarstei	20-337	103,0	96,1	97,6	98,9	18,2	10,6	6,7	28,9	2,8	18,0	155,2	
Gróði	21-513	Viðar	17-844	105,8	88,3	93,9	96,0	18,5	10,2	6,7	28,8	2,7	18,1	152,5	
Vaskur	21-517	Guðmundur	20-504	91,2	96,5	98,7	95,5	17,0	10,3	6,3	29,5	3,0	17,9	155,9	
Víðir	21-511	Viðar	17-844	116,1	100,0	68,3	94,8	19,3	12,2	8,1	27,8	3,2	17,8	153,4	
Saxi	20-508	Pendúll	18-538	95,6	96,7	84,0	92,1	17,4	10,6	6,7	28,4	2,8	17,6	160,2	
Baukur	21-514	Glitnir	19-848	95,6	87,7	86,2	89,8	17,5	10,3	6,7	28,9	3,0	17,7	151,4	
Meðaltal:									17,9	10,8	6,7	29,3	2,7	17,8	153,4

Tvö efstu sætin hér eru skipuð sömu hrútum og haustið 2021 en þeir hafa sætaskipti. Efstur þetta árið stendur Haki 20-506 sonur Mjöllnis 16-828 frá Efri-Fitjum. Haki er að skila lömbum í vænni kantinum sem flokkast vel og jafnframt fremur fitulítill. Móðir hans er dóttir Leynis 16-522 sem var faðir Kofa 18-833 frá Hesti. Plús 20-507 er undan Mínus 16-827 frá Mýrum 2. Bakvöðvi hjá dætrum hans mælist talsvert yfir meðaltali og enginn gimbrahópur mælist með minni fitu á baki. Sláturlömb undan honum reynast jafnframt afgerandi fituminnst og má segja að ágæt bakvöðvaþykkt og fituleysi komi Plús þetta hátt í metorðastiganum þetta árið. Móðir hans er dótturdóttir Saums 12-915 frá Ytri-Skógum. Í þriðja sæti í heildareinkunn er einn af þremur veturgömlum sonum Viðars 17-844 frá Bergsstöðum sem tóku þátt í þessari rannsókn. Þetta er Úði 21-512 og sýnir hann fyrst og fremst yfirburði þegar kemur að fallþunga sláturlamba sem eru 1,1 kg þyngri en meðaldilkurinn. Mat á lifandi lömbum og kjötmat er jafnframt prýðilegt. Móðir Úða er dóttir Bekra 12-911 frá Hesti. Víðir 21-511 hálfbróðir Úða að föðurnum er sá hrútur sem á langvænsta sláturlambahópinn sem jafnframt er langbest gerður en líka framúrskarandi feitur miða við hina hópana. Víðir er undan annari dóttur Bekra 12-911 frá Hesti.

Hjarðarfell, Miklaholtshreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gammur	20-727	Rammi	18-834	107,4	119,9	113,5	113,6	20,3	12,3	7,1	32,6	3,9	17,6	138,1
Krummi	21-732	Sammi	16-841	100,4	96,4	126,7	107,8	19,7	11,9	7,6	32,2	3,1	17,8	146,8
Tenór	21-729	Tónn	18-855	108,2	91,5	108,4	102,7	20,7	12,4	8,3	30,6	3,3	18,1	151,7
Drumbur	18-714	Gutti	13-984	104,3	101,6	95,5	100,5	20,0	11,7	7,1	30,6	3,4	17,7	151,2
Lómur	19-717	Brúsi	12-970	99,9	106,1	93,3	99,7	19,7	11,6	6,9	29,4	2,8	17,6	146,5
Dufgus	18-710	Vöðvi	17-694	98,1	102,1	91,1	97,1	19,6	11,9	7,4	30,2	3,2	17,5	143,7
Kópur	20-722	Selur	17-862	105,4	92,6	92,3	96,8	20,2	12,4	8,2	30,8	4,0	17,9	149,9
Fjarki	21-731	Gosi	15-796	87,1	90,0	110,4	95,9	18,6	11,5	7,5	31,0	3,1	17,6	144,4
Tvistur	21-730	Gosi	15-796	89,8	97,6	89,5	92,3	18,9	11,9	7,6	29,9	3,4	17,7	141,6
Bekri	19-720	Bergson	14-986	99,1	89,3	87,5	92,0	19,6	11,1	7,2	29,1	2,9	17,6	143,6
Meðaltal:								19,7	11,9	7,4	30,6	3,3	17,7	145,5

Gammur 20-727 sonur Ramma 18-834 frá Hesti stendur hér efstur í heildareinkunn og sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva sem jafnframt er mjög vellagaður. Sláturlömb eru 0,6 kg þyngri en meðaldilkur í rannsókninni og gerð þeirra ein sú besta. Móðir Gamms er dóttir Bekra 12-911 frá Hesti. Krummi 21-732 sonur Samma 16-841 frá Þóroddsstöðum kemur mjög vel út úr mati á lifandi lömbum en mat og þyngd sláturlamba liggur nærri meðaltali. Krummi er sammæðra Gammi hér að ofan en móðir þeirra er mjólkurlagin ær með 8,5 afurðastig. Tenór 21-729 undan Tóni 18-855 frá Melum 1 á þarna einn best gerða sláturlambahópinn en þau eru jafnframt orðin nokkuð feit. Kópur 20-722 sonur Sels 17-862 frá Hraunhálsi er að skila góðum vænleika og mjög góðri gerð sláturlamba. Mat á lifandi lömbum er einnig prýðilegt. Það er hinsvegar meiri fitusöfnun hjá þessum lömbum en hjá flestum hópum í þessum samanburði og því verða einkunnir fyrir lifandi lömb og sláturlömb ekki hærrí en þetta. Móðir Kóps er dóttir Sprota 12-936 frá Melum 2. Kópur tekur nú þátt í afkvæmarannsókn á vegum stöðvanna 2023 sem fer fram í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit en einn af kostum hans er að vera arfblendinn gangvart lítt næmri arfgerð gegn riðuveiki. Lómur 19-717 sonur Brúsa 12-970 frá Kollsá tekur einnig þátt í fyrrnefndri afkvæmarannsókn en hann var ekki síst valinn til leiks vegna þess hve góðu hann lofar sem ærfaðir. Móðurfaðir Lóms er Vöttur 15-850 sem héðan var fenginn á stöð.

Dalasýsla

Hlíð, Hörðudal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Þorvaldur	18-083	Traustur	17-788	117,6	118,5	157,1	131,1	18,3	11,4	7,1	33,3	3,0	18,4	147,5
Ósvaldur	21-072	Viðar	17-844	96,5	131,5	100,3	109,5	16,5	10,3	5,9	29,8	2,4	17,8	143,8
Áhrifavaldu	21-071	Stapi	16-829	101,1	96,2	101,3	99,5	16,8	9,2	5,9	30,2	2,4	17,7	136,5
Rögnvaldu	21-073	Völlur	18-835	99,7	95,7	101,1	98,8	16,7	9,0	5,8	30,7	2,5	17,5	135,4
Sigurviss	20-054	Drjúgur	17-808	110,5	93,5	73,8	92,6	17,5	10,4	7,2	29,0	3,1	17,9	145,5
Rikki	20-060	Gangster	17-782	101,5	84,7	70,7	85,6	16,8	9,4	6,4	29,4	2,8	17,5	136,4
Köggur	20-058	Gangster	17-782	75,9	89,7	82,2	82,6	15,2	8,4	5,5	29,1	2,3	17,4	123,0
Meðaltal:								16,7	9,6	6,2	30,3	2,6	17,8	137,5

Hrútur nr 18-083 ber hér höfuð og herðar yfir aðra þátttakendur í þessari rannsókn. Þessi hrútur er frá Hesti en var keyptur sem lamb að Vatni í Haukadale og er þar til heimilis enn. Hann er samféðra Ramma 18-834. Haustið 2021 kom hann einnig sterkur út úr afkvæmarannsókn á Vatni og sýndi þar einnig mjög mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum,

líkt og hann gerir hér í Hlíð. Sláturlambahóparnir í þessari rannsókn eru svolítið misgamlir og lambahópurinn undan 18-083 er einn af þeim sem eru í eldri kantinum en þó ekki sá eini. Sláturlömb undan 18-083 eru 1,6 kg þyngri en meðaldilkurinn og gerð þeirra afgerandi best. Þau eru jafnframt svolítið feitari en flestir hinna hópanna. Næstir koma þarna tveir synir Viðars 17-844 frá Bergsstöðum í Miðfirði. Þetta eru þeir Þorvaldur 21-072 og Ósvaldur 21-077. Þeir eru nær jafnir í heildareinkunn en á ólíkum forsendum eins og sjá má. Móðir Þorvaldar er sonardóttir Kjarna 13-927 frá Brúnastöðum en Ósvaldur er dóttursonur Dúdda 14-699 frá Ósi sem gerði garðinn frægan í sunnanverðri Dalasýslu fyrir fáeinum árum.

Skörð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötma n	Einkun	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Siggi feiti	19-636	Sjobbi	18-085	119,7	98,7	107,1	108,5	18,6	10,4	6,8	30,1	2,8	17,6	153,9
	21-052	Alfreð	20-117	102,8	121,0	98,9	107,6	17,5	11,1	6,6	29,7	3,1	17,7	137,1
	21-055	Glitnir	19-848	99,5	106,4	116,1	107,3	17,2	9,6	5,7	30,3	2,3	17,5	137,3
	21-051	Tímon	19-565	98,3	120,2	94,3	104,3	17,1	10,2	5,8	29,5	2,9	17,4	133,5
	20-051	Biti	17-050	111,2	100,0	93,4	101,5	18,0	10,2	6,5	29,7	3,1	17,7	136,2
	17-058	Óðinn	15-992	108,5	85,6	107,3	100,5	17,8	9,7	6,5	30,6	3,0	17,6	149,9
	21-056		20-059	91,2	92,3	112,7	98,7	16,5	9,8	6,4	29,8	2,3	17,6	133,0
	21-054	Sammi	16-841	88,4	88,3	106,4	94,4	16,1	9,1	5,9	30,1	2,6	17,4	134,2
	20-059	Dindill	19-058	85,9	94,0	83,0	87,6	16,3	9,4	5,9	29,1	2,9	17,5	139,3
	21-053	Búi	15-822	83,9	103,4	65,3	84,2	15,9	9,5	5,8	27,6	3,0	17,3	131,3
							Meðalta	17,2	9,9	6,2	29,8	2,8	17,6	139,9

Hér skarar enginn hrútur verulega framúr í heildareinkunn. Efstur stendur Siggi feiti 19-636 sem er frá Vatni í Haukadál. Gimbrar undan honum koma vel út úr ómmælingum og stigun en aðal plúsinn sækir hann í fallþungaeinkunn. Sláturlömb undan honum eru 1,4 kg þyngri en meðaldilkurinn en þau eru líka talsvert eldri en lömbin í flestum hinna hópanna. Stöðvahrúta er ekki að finna í ættartré Sigga fyrr en í þriðja lið en hann á að hluta ættir að rekja í Borgarfjörð s.s. að Hesti, Bakkakoti og Giljahlíð. Hann er til heimilis að Kringlu í Miðdölum og stóð þar efstur í afkvæmarannsókn haustið 2020. Veturgamli hrúturinn 21-052 er að skila mjög góðu kjötmati og er langefstur hvað gerð sláturlamba snertir. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Ragnari á Heydalsá, sonarsonur Fennis 19-857 frá sama búi og dóttursonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum. 21-055 undan Glitni 19-848 frá Efri-Fitjum kemur vel út úr mati á lifandi lömbum. Lömbin eru einn fituminnsti hópurinn og það endurspeglast vel í fitumati sláturlamba en gerð þeirra liggur hinsvegar nokkuð undir meðaltalinu. Þeir Guffi 08-869 frá Garði og Rafall 09-881 frá Úthlíð standa að baki móður hans í annan lið. 17-058 er sonur Óðins 15-992 sem héðan var fenginn á stöð á sínum tíma. Þessi hrútur hefur staðið ofarlega í afkvæmarannsóknnum hér nokkur síðastliðin ár. Hann á nú þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva.

Svarfhóll, Laxárdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat n	Einkun	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	19-503		18-502	107,4	105,2	133,1	115,2	18,1	10,6	6,6	30,0	3,2	17,9	143,1
	20-506		19-510	99,1	109,0	131,9	113,3	17,5	10,3	6,3	29,5	2,9	17,5	141,9
	19-521	Strengur	17-015	96,9	111,8	122,5	110,4	17,4	10,5	6,4	29,5	3,5	17,9	139,6
	20-523		19-501	91,7	125,1	112,1	109,6	17,0	10,3	5,8	28,5	3,4	17,8	146,2
	21-502	Glæsir	19-887	102,8	116,6	105,6	108,3	17,9	11,0	6,6	27,5	3,4	18,2	149,8
	18-501	Gumi	17-515	113,2	106,0	103,3	107,5	18,6	10,4	6,4	28,4	3,5	17,6	151,4
	20-509		18-502	97,7	95,0	126,0	106,2	17,4	9,8	6,2	29,1	2,9	17,7	138,4
	20-512		19-505	108,1	115,4	93,1	105,5	18,2	10,9	6,6	27,8	3,7	17,8	143,7
	19-522	Stallur	17-012	128,7	87,4	99,5	105,2	19,8	11,1	7,5	28,5	3,8	17,8	152,4
	20-501	Múli	19-528	90,3	91,5	131,7	104,5	16,9	9,8	6,5	29,0	3,0	17,8	139,2
	19-510		18-501	95,9	104,2	110,4	103,5	17,3	9,8	6,0	28,6	3,2	17,5	146,1
	20-510	Fengur	19-191	104,4	102,7	95,6	100,9	17,9	10,4	6,6	27,7	3,5	17,8	145,1
	21-513	Völlur	18-835	96,5	81,9	114,7	97,7	17,3	9,8	6,9	29,1	3,3	17,7	146,5
	20-502		19-517	98,5	89,1	104,4	97,3	17,5	9,6	6,3	28,5	3,5	17,8	140,7
	17-506	Dreki	13-953	96,4	105,5	85,7	95,9	17,3	9,9	6,0	28,6	4,1	17,4	136,8
Grámann Blævar	20-504	Fengur	19-191	101,2	90,3	93,7	95,1	17,7	10,1	6,7	27,3	3,2	17,6	148,1
	19-507	Stigur	15-332	96,6	100,4	83,5	93,5	17,3	10,1	6,4	27,3	3,5	17,4	141,5
	20-507		18-501	86,6	82,2	111,8	93,5	16,5	9,5	6,6	30,1	3,6	17,3	137,2
Láki	18-500	Frami	17-519	99,7	92,0	82,3	91,3	17,6	10,2	6,8	26,0	3,1	17,6	153,0
	21-504	Gyllir	20-298	92,6	100,1	77,6	90,1	16,9	10,0	6,4	26,9	4,0	17,9	138,9
	19-506	Áll	18-504	96,9	90,0	71,7	86,2	17,4	10,0	6,7	26,9	3,9	17,7	144,2
	20-518		17-506	100,5	108,3	48,1	85,6	17,6	10,1	6,1	25,7	4,4	17,4	143,5
	21-508	Tónn	18-855	100,6	76,1	75,4	84,0	17,6	9,8	7,0	26,3	3,7	17,7	146,8
	21-505	Skjár	20-295	101,4	98,1	51,9	83,8	17,7	10,2	6,6	25,7	4,2	17,3	147,2
							Meðaltal	17,6	10,2	6,5	28,1	3,5	17,7	143,9

Hér er að vanda ein af stærri rannsóknunum en þó eru veturgamlir hrútar aðeins fimm þetta árið. Efstur í heildareinkunn stendur 19-503 með yfirburði í öllum þáttum en sækir þá þó sínu mest í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast þrýðilega. Fallþungi sláturlamba er 0,5 kg yfir meðaltali og flokkun ljómandi góð. Faðir hans er 18-502 sem fenginn var hingað frá Broddanesi og reyndist hér mjög vel sem lambafaðir. Móðurfaðir eru Baukur 15-818 frá Hrappsstöðum. Næstur er 20-506 sem er að skila velgerðum lömbum sem jafnframt eru fituminni en flestir hinna hópanna sem hjálpar til við að komast upp metorðastigann. Þessi hrútur er hyrndur og nokkuð í stöðvahrúta í ættartrénu en í þriðja lið móðurmegin má sjá Tjald 11-922 frá Sandfellshaga 2. Faðir hans er hinsvegar undan hrút frá Geirmundarstöðum. 19-521 skilar þarna sterkum lambahóp bæði í mati á lifandi lömbum og sláturlömbum en fallþungi er aðeins undir meðaltali. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Hornstöðum en undan hrút sem fenginn var þangað frá Árbæ í Reykhólasveit. 20-523 kemur heldur vel út úr mati á lifandi lömbum og á þann sláturlambahóp sem metinn er með minnst af fitu utan á sér. Fallþungi er 0,6 kg undir meðaltali. Þessi hrútur er undan hyrndri á og kollóttum hrút. Faðir hans er undan 18-502 og Bauksdóttur eins og efsti hrúturinn 19-503 þó ekki séu þeir albræður. Þessi hrútur var einnig í fjórða sæti haustið 2021. 21-502 er sá veturgamli hrútur sem kemst lengst í þessum samanburði. Hann er aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi sonur Glæsis 19-887 frá Litlu-Ávík. Þykkt bakvöðvans er undir meðaltali hjá dætrum hans en þær stigast best fyrir læri. Sláturlömb undan honum eru síðan einn best gerði hópurinn, fallþungi vel yfir meðaltali en fita í meðallagi. Móðir hans er dótturdóttir Sprota 12-936 frá Melum 2. 18-501 er að skila miklum yfirburðum í fallþunga en sláturlömb undan honum eru 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar en fita samt sem áður undir meðaltali. Þessi hyrnda hrútur er föðurfaðir 20-506 sem hér er getið að ofan og er fenginn frá Geirmundarstöðum, sonarsonur Bekra 12-911 frá Hesti.

Magnússkógar 3, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	n líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Baukur	21-009	Láki	20-094	95,0	115,6	135,0	115,2	17,9	10,6	6,6	32,5	2,9	18,2	141,4
Haggli	20-178	Hólkur	15-823	103,6	122,0	119,6	115,1	18,6	11,5	7,1	30,4	2,4	18,1	137,0
Magni	21-002	Þór	20-174	106,1	118,7	114,8	113,2	18,8	11,6	7,3	30,8	2,6	18,3	145,8
Glæsir	21-011	Kóngur	20-470	103,3	112,6	94,8	103,5	18,5	10,8	6,8	30,2	3,0	18,0	137,3
Höfðingi	21-005	Gótti	20-177	100,9	102,3	101,7	101,7	18,4	10,3	6,6	30,6	2,6	17,8	142,5
Göltur	21-010	Lómur	19-465	99,3	55,1	97,5	83,9	18,2	9,7	7,7	30,2	2,8	18,0	136,7
Bliki	20-179	Móri	13-982	95,0	84,7	38,2	72,6	17,9	9,8	6,9	27,3	2,8	17,2	135,8
							Meðaltal	18,3	10,5	7,0	30,2	2,7	17,9	139,0

Þeir Baukur 21-009 og Haggli 20-178 standa hér efstir og nær jafnir í heildareinkunn. Þeir ná þó ekki þeim árangri með sama hætti. Dætur Bauks mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt mjög vel. Fallþungi sláturlamba er 0,4 kg undir meðaltali og gerð þeirra nærri meðaltali rannsóknarinnar. Baukur sem væntanlega er hyrndur er aðkeyptur frá Smáhömrum. Haggli 20-178 sonur Hólks 15-823 frá Brekku á einnig góðan gimbrahóp en skarar þó enn frekar fram úr þegar kemur að kjötmatinu. Sláturlömb undan honum er vel yfir meðallagi í fallþunga, gerð þeirra sú næst besta og fita nærri meðaltalinu hér. Þessi hrútur stóð efstur í afkvæmarannsókn hér haustið 2021. Móðir Haggla er dótturdóttir Mána 09-849 frá Hesti. Magni 21-002 sýnir einnig ljómandi góða útkomu. Hann á þann gimbrahóp sem stigast hæst fyrir læri og sláturlambahópurinn undan honum nær besta gerðarmatinu. Fallþungi þessara lamba er 0,5 kg yfir meðaltalinu. Magni er sonarsonur Mjöltnis 16-828 frá Efri-Fitjum en móðir hans er sonadóttir Barkar 13-952 frá sama bæ.

Skerðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Eink. Líflömb	Eink. Heild	Fallþun	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Blær	21-252	Kostur	19-849	106,4	125,5	104,0	112,0	17,3	10,3	5,9	30,0	3,0	17,5	142,7
Ýmir	20-249	Kútur	19-232	106,1	98,9	125,0	110,0	17,4	10,0	6,7	30,8	2,6	17,7	140,5
Kútur	19-232	Dreki	13-953	98,9	101,5	91,1	97,2	16,5	9,6	6,2	29,5	3,2	17,4	146,1
Kaldi	21-257	Leynir	18-489	101,9	90,2	95,1	95,7	16,9	9,2	6,3	29,3	3,0	17,5	139,1
Stormur	21-260	Kútur	19-232	88,5	99,2	91,4	93,0	15,7	9,3	6,0	29,1	2,7	17,2	138,9
Trekkur	21-263	Fennir	19-857	99,7	76,0	90,9	88,9	16,6	8,2	6,1	29,4	3,0	17,2	141,6
							Meðaltal	16,7	9,5	6,2	29,7	2,9	17,4	141,0

Hér stendur efstur í heildareinkunn Blær 21-252 sonur Kosta 19-849 frá Ytri-Skógum. Yfirburðina sækir hann fyrst og fremst í kjötmatshlutann enda er þetta best gerði sláturlambahópurinn, fallþungi 0,6 kg yfir meðaltali en um leið fituminnsti hópurinn. Blær er aðkeyptur frá Rauðbarðaholti. Ýmir 20-249 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Sláturlömbin eru þyngsti hópurinn og næstbest hvað gerð varðar í þessum samanburði. Fita er hinsvegar mest á þessum lömbum sem dregur niður kjötmatseinkunn. Þau eru þó langt frá því að vera of feit. Ýmir var sonarsonur Dreka 13-953 frá Hriflu.

Breiðabólsstaður, Fellsströnd

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat n	Einkun	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Dossi	17-225	Spakur	16-514	95,6	124,3	110,3	110,1	16,3	10,3	5,7	30,0	2,7	17,3	130,9
Everest	20-757	Óðinn	17-727	92,2	114,5	111,2	106,0	15,9	10,7	6,4	29,9	3,3	17,9	132,6
Askur 010	21-760	Viðar	17-844	104,9	101,1	110,6	105,5	17,0	10,2	6,5	30,0	2,6	17,6	126,9
Gulur	19-743	Spakur	14-801	107,1	114,8	93,1	105,0	17,1	11,1	6,9	29,8	3,2	17,3	133,6
Kóngsson	20-753	Kóngur sp	19-744	94,7	124,6	90,5	103,3	16,2	11,0	6,4	29,4	3,3	17,4	131,9
Ljómi	21-759	Glóinn	18-845	104,3	91,8	110,5	102,2	17,0	10,3	6,9	29,8	3,0	17,8	130,6
Spakur	19-745	Fáfnir	16-995	96,6	98,5	107,1	100,7	16,3	10,3	6,7	30,6	3,5	17,7	134,1
Boði	21-758	Dólgur	14-836	103,4	85,0	112,8	100,4	16,9	9,6	6,6	30,0	2,9	17,7	133,9
Lási	19-747	Glæpon	17-809	106,3	91,9	98,8	99,0	17,1	10,4	7,0	29,4	2,8	17,3	131,8
Stubbur	19-750	Bútur	16-714	105,9	93,7	83,0	94,2	17,2	10,4	7,0	28,5	3,1	17,6	129,7
Skröggur	19-748	Spakur	14-801	98,3	87,7	94,3	93,4	16,5	10,2	7,0	29,4	3,0	17,4	131,7
Hnallur 07	21-763	Snarfari	18-737	91,2	76,8	106,9	91,7	15,9	9,1	6,3	30,2	3,1	17,6	129,2
Þorri	21-762	Skröggur	19-748	97,9	87,2	78,9	88,0	16,4	10,1	6,9	28,4	3,3	17,4	130,6
							Meðalta	16,6	10,3	6,6	29,6	3,1	17,5	131,3

Villi	21-056	Viddi	16-820	92,0	97,5	84,4	91,3	15,8	8,5	5,9	28,1	2,9	16,7	127,0
Svaki	21-057	Svörður	18-854	95,4	104,7	72,1	90,7	16,1	9,5	6,5	26,4	2,8	16,8	137,9
Víðir	21-054	Víðar	17-844	94,0	87,8	87,2	89,7	16,1	8,8	6,5	28,6	3,2	16,9	142,0
Meðaltal:								16,6	9,1	6,3	29,0	3,0	17,1	138,3

Bömmer 21-061 sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum stendur hér efstur með dágöða yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum. Hann á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður og þessi lömb eru um leið frekur fitulítill. Svaðilfari 21-058 sonur Svarðar 18-854 frá Hesti kemur vel út úr mati á lifandi lömbum og skilar ágætum vænleika sláturlamba en flokkun þeirra gagnvart gerð veldur vonbrigðum. Móðir Svaðilfara er dóttir Ebita 13-971. Birkir Ör 19-051 sonur Fjalldrapi 15-805 frá Hesti kemur ágætlega út úr kjötmatshlutanum og dætur hans mælast með einn þykkasta bakvöðvann. Birkir Ör er

aðkeyptur frá Svínafelli 3 í Örfæfum og er móðir hans sonardóttir Grámanns 10-884 frá Bergsstöðum á Vatnsnesi. Þrissi 21-060 sonur Þrists 18-856 frá Stað í Steingrímsfirði er sá hrútur sem skilar best gerða sláturlambahópnum. Móðurfaðir hans er aðkeyptur hrútur frá Bassastöðum.

Forsæludalur, Vatnsdal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Boli	21-372	Durtur	16-994	108,3	117,4	159,6	128,4	15,7	9,7	5,2	30,3	2,0	17,5	128,0
Prestur	20-363	Svarti Pétur	18-381	108,2	117,2	136,6	120,7	15,5	9,5	5,2	29,1	2,3	17,2	130,7
Glókollur	19-372	Biti	18-509	122,5	104,5	104,0	110,3	16,6	10,4	6,3	27,9	2,9	17,0	131,7
Blær	21-370	Rammi	18-834	99,5	116,5	111,3	109,1	15,0	9,3	5,0	27,5	2,0	16,7	130,5
Vinur	21-371	Austri	19-847	99,6	105,1	118,0	107,6	15,0	9,3	5,4	27,9	2,3	17,0	126,4
Stormur	21-362	Bíldur	20-556	101,9	104,5	111,0	105,8	15,1	9,0	5,1	28,2	2,8	17,0	127,5
Breki	20-369	Glókollur	19-372	110,9	111,5	92,8	105,1	15,8	10,2	5,9	27,1	2,6	16,7	132,6
Víkingur	21-368	Garpur	20-521	111,4	94,1	99,3	101,6	15,8	9,0	5,3	26,9	2,4	17,1	126,2
Gimli	21-363	Skrámur	17-588	93,6	88,7	103,4	95,2	14,4	8,5	5,2	27,4	2,5	16,9	129,8
Vetur	20-361	Kaldnasi	16-003	84,4	97,6	88,3	90,1	13,9	8,9	5,4	26,3	2,4	16,7	130,4
Sambó	21-360	Þróttur	19-371	72,3	101,8	76,9	83,7	12,2	7,8	4,1	25,0	2,1	16,5	125,2
Njáll	21-361	Gosi	20-362	76,9	85,4	84,7	82,3	12,8	7,7	4,7	25,4	2,1	16,6	131,9
Kóngur	21-369	Birkir	19-514	96,8	86,2	63,2	82,1	14,8	8,6	5,3	26,0	2,9	16,8	128,0
Gosi	20-362	Tvistur	19-367	91,4	62,1	62,7	72,1	14,3	7,8	5,4	25,1	2,7	16,7	131,4
Meðaltal:								15,0	9,1	5,3	27,2	2,5	16,9	129,4

Hér stendur efstur Boli 21-372 sonur Durts 16-994 frá Hesti. Hann sýnir feykilega yfirburði í mati á lifandi lömbum enda bakvöðvapykkt hjá þeim afgerandi mest og þessar gimbrar jafnframt langhæstar í lærastigum. Sambærilegir yfirburðir koma ekki fram í kjötmatshlutanum þó útkoman þar sé einnig ljómandi góð. Fallþungi sláturlamba er 0,7 kg yfir meðaltali. Boli er aðkeyptur frá Litla-Hofi í Örfæfum og nú til heimilis að Uppsölum í A-Hún. Prestur 20-363 sýnir einnig mikla yfirburði í mati á lifandi lömbum og kemur einnig vel út úr öðrum þáttum rannsóknarinnar. Prestur er aðkeyptur frá Tungu í Fróðárhreppi en nú til heimilis að Uppsölum. Glókollur 19-372 er afgerandi bestur þegar kemur að fallþunga og gerð sláturlamba. Þessi hrútur hefur áður komið við sögu í toppsætum hér. Hann er aðkeyptur frá Svínafelli 3 í Örfæfum og er hann sonarsonur Ebita 13-971 frá Melum 1 og dóttursonur Fannars 14-972 frá Heydalsá.

Hólabær, Langadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lundi	21-595	Lundi	19-281	109,5	111,6	135,7	118,9	18,6	11,5	7,1	31,8	3,4	17,6	132,2
Legsteinn	21-596	Grettir	19-389	103,4	107,8	109,1	106,8	17,9	10,8	6,7	31,7	3,8	17,1	127,6
Kíkir	20-598	Glámur	16-825	98,8	103,1	115,6	105,8	17,5	10,7	6,7	31,5	3,4	17,2	126,8
Lávarður	21-591	Keisari	20-591	108,6	110,4	93,7	104,2	18,3	10,8	6,5	29,4	3,3	17,2	129,8
Kalli	20-596	Bassi	18-078	109,0	110,3	84,6	101,3	18,6	11,8	7,4	28,5	3,9	17,9	126,0
Lalli	21-599	Kalli	20-596	95,3	89,3	87,5	90,7	17,2	10,3	6,8	29,2	3,7	17,4	125,1
Keisari	20-591	Móri	13-982	96,2	83,4	85,9	88,5	17,3	10,0	6,8	29,4	3,8	17,2	131,9
Ljónsi	21-593	Kísi	20-593	82,8	89,1	76,6	82,8	16,2	9,4	6,0	29,3	4,5	17,3	127,8
Meðaltal:								17,6	10,5	6,7	30,3	3,7	17,3	128,4

Hér ber Lundi 21-595 höfuð og herðar yfir aðra hrúta hvað heildareinkunn varðar. Hann sýnir yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar en þó alveg sérstaklega í mati á lifandi lömbum. Sláturlömb undan Lunda eru 1 kg yfir meðaltali í þessum samanburði. Lundi er aðkeyptur frá Melum 1 í Árneshreppi og er sonarsonur Blika 16-819 frá Árbæ. Legsteinn 21-596 kemur heldur vel út úr öllum þáttum rannsóknarinnar en hann er aðkeyptur frá Miðhúsum í

Kollafirði. Kíkir 20-598 sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti stóð hér annar í röðinni haustið 2021 og skilar hér aftur ágætri útkomu. Kalli 20-596 á þann sláturlambahóp sem metinn er best gerður og fallþungi er 1 kg yfir meðaltali. Þykkt bakvöðvans hjá 8 gimbrum en hinsvegar sú minnsta þannig að einkunn fyrir lifandi lömb lækkar verulega þó þetta séu greinilega vel gerð lömb. Kalli sem er grábotnóttur hyrndur, er aðkeyptur frá Smáhömrum.

Skagafjörður

Árgerði, Sæmundarhlíð

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Stjörnu-Mó	20-339	Móri	13-982	106,1	104,5	108,6	106,4	19,5	11,6	7,6	31,4	2,8	17,8	136,9
Glampi	21-341	Sikill	20-343	103,4	95,2	116,8	105,1	19,3	11,7	8,1	31,9	3,1	18,1	130,9
Týr	21-342	Sikill	20-343	106,9	99,7	104,6	103,7	19,6	11,4	7,6	31,7	3,6	18,1	136,3
Teinn	21-343	Blossi	19-056	90,5	108,9	87,9	95,8	18,2	11,2	7,1	29,8	3,0	17,9	133,1
Seimur	20-342	Pinni	18-343	103,8	103,9	78,0	95,2	19,5	10,8	6,7	29,9	3,6	17,9	132,9
Töggur	21-340	Fennir	19-857	91,4	90,4	101,4	94,4	18,3	11,1	7,6	30,7	3,0	17,9	136,5
Meðaltal:								19,0	11,4	7,5	31,0	3,2	17,9	134,8

Hér er ekki mjög mikill munur á hrútum og lambahópurinn í heild glæsilegur. Stjörnu-Móri 20-339 sonur Móra 13-982 frá Bæ stendur samt efstur í heildina líkt og hann gerði haustið 2021. Hann sýnir nú nokkra yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar sem fleytir honum á toppinn. Móðir Móra er sonardóttir Stera 07-855 frá Árbæ. Glampi 21-341 kemur best út úr mati á lifandi lömbum en hann á feitustu sláturlömbin sem lækkar hann nokkuð í kjötmatshlutanum þó að hann eigi best gerða sláturlambahópinn. Sikill 20-343 faðir hans var í öðru sæti í heildareinkunn hér í fyrra en faðir hans var kaupahrútur frá Broddanesi 1, Pinni 18-343. Móðir Glampa er sonardóttir Krapa 13-940 frá Innri-Múla. Glampi var sjálfur stórglæsilegur sem lamb og fékk 91,5 stig alls.

Ytra-Vallholt, Seyluhreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
w 84	21-488	771w	20-493	103,5	124,4	120,0	116,0	17,0	10,4	6,6	29,7	2,9	17,6	148,0
w 859	21-489	w55	18-490	94,9	123,7	100,1	106,2	16,4	9,8	6,1	28,8	3,0	17,6	142,7
w 060	21-490	979w	20-491	104,1	85,3	105,7	98,4	17,2	9,8	7,5	29,6	3,0	17,6	140,5
w 872	21-491	w55	18-490	93,6	116,3	82,6	97,5	16,4	10,2	6,7	27,6	2,9	17,4	144,6
w 87	21-486	768w	19-488	98,7	79,6	114,0	97,4	16,7	9,0	6,7	29,6	2,8	17,3	142,6
w 857	21-492	w55	18-490	103,3	80,5	88,0	90,6	17,0	8,8	6,5	28,8	3,1	17,1	137,9
w 667	21-493	582w	19-494	104,9	77,7	86,4	89,7	17,2	9,2	7,0	27,6	2,7	17,2	142,0
Meðaltal:								16,8	9,6	6,6	28,9	2,9	17,4	143,0

Hér eru hrútanöfn óhefðbundin en þau geyma upplýsingar um arfgerðir hrútanna og verða því notuð númer hér í umfjöllun. Efstur í heildina er 21-488. Í ættartré hans er ekki að sjá annað en heimafé frá Ytra-Vallholti nema Hæng 10-903 frá Geirmundarstöðum og Bifur 06-994 frá Hesti í fjórða lið. 21-489 nær þarna hárrí kjötmatseinkunn en þessi lambahópur er metinn afgerandi fituminnstu og á það ekki síst þátt í að lyfta einkunn þarna. Hér það sama að stöðvahrúta er ekki að finna fyrr en í fjórða ættlið.

Ríp, Hegranesi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Bósi	21-241	Viddi	16-820	111,9	118,7	115,1	115,2	20,5	11,4	7,6	34,7	3,5	18,3	161,5	
Snöggur	21-242	Snar	18-846	102,3	114,4	108,1	108,3	19,6	11,5	7,6	33,6	3,1	18,4	166,8	
Ford	21-250	Forsetinn	19-243	105,5	101,2	116,9	107,8	19,9	11,6	8,4	35,0	3,7	18,5	161,4	
Forsetinn	19-243	Guðni	17-814	97,8	112,9	108,1	106,3	19,2	11,5	7,9	34,4	3,9	18,4	166,2	
Valur	21-244	Fálki	17-821	102,0	102,4	103,6	102,6	19,6	11,0	7,7	34,4	3,3	18,0	159,1	
Drimbill	21-248	Draugur	20-241	94,2	96,9	108,7	100,0	18,8	10,6	7,5	34,5	3,3	18,0	161,2	
Hylur	20-246	Forsetinn	19-243	103,3	91,6	104,6	99,8	19,6	11,1	8,2	34,0	3,3	18,1	160,2	
Kambur	20-245	Forsetinn	19-243	95,4	104,9	96,6	99,0	18,9	11,1	7,7	33,6	3,5	17,9	160,1	
Pappi	20-242	Hólkur	15-823	102,4	105,5	87,2	98,4	19,5	11,0	7,6	33,6	3,6	18,0	162,3	
Berserkur	21-247	Mjólnir	16-828	96,9	103,5	94,6	98,3	19,0	10,7	7,4	33,2	2,9	17,8	160,7	
Hlynur	21-251	Hylur	20-246	95,6	85,5	92,6	91,2	18,8	10,5	8,0	33,3	3,6	18,3	162,7	
Drýsill	21-249	Draugur	20-241	93,1	65,7	58,5	72,4	18,8	10,2	8,3	31,7	3,5	17,7	164,2	
Meðaltal:									19,3	11,1	7,9	33,9	3,5	18,1	162,5

Lambahópurinn hér er í heild sinni bæði rígvænn og glæsilegur. Bósi 21-241 sonur Vidda 16-820 frá Fremri-Gufudal skarar þó nokkuð fram úr öðrum hrútum í heildareinkunn og sýnir umtalsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 1,2 kg yfir meðaltali, gerðin vel yfir meðaltali en fita undir meðaltali. Móðir Bósa er sonardóttir Kropps 10-890 frá Bæ í Árneshreppi. Snöggur 21-242 undan Snar 18-846 frá Leifsstöðum kemur vel út, ekki síst gagnvart gerðinni. Móðir Snöggs er sonardóttir Kölska 10-920 frá Svínafelli 2. Ford 21-250 á best gerða sláturlambahópin og jafnframt mælast dætur hans með þykkasta bakvöðvann og stigast hæst fyrir læri. Þessi lömb er jafnframt feitasti sláturlambahópurinn sem dregur niður kjötmatseinkunina. Faðir hans, Forsetinn 19-243 kemur síðan næstur í heildareinkunn en hann er sonur Guðna 17-814 frá Miðdalsgröf og var í öðru sæti hér í heildareinkunn haustin 2020 og 2021.

Brúnastaðir, Fljótum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	Fj.lif.lömb	Fj.sláturlör
Massi	20-031	Fálki	17-821	114,1	124,3	121,4	119,9	16,8	10,4	6,5	28,7	2,2	17,5	139,2	16	41
Kubbur	18-024	Ebiti	13-971	108,7	120,5	127,3	118,8	16,5	9,7	5,8	29,9	2,3	17,6	136,5	8	29
Otur	20-030	Fálki	17-821	103,7	112,8	113,7	110,1	16,0	9,4	5,9	29,0	2,6	17,9	130,9	8	36
Gellir	21-021	Kappi	16-839	95,0	95,9	133,2	108,0	15,3	8,8	5,9	29,6	2,2	17,6	142,1	16	43
Köngull	21-022	Börkur	17-842	101,2	110,1	104,0	105,1	15,8	9,8	6,4	28,4	2,5	17,4	132,6	8	38
Bátur	19-031	Bolur	17-032	121,2	106,9	78,2	102,1	17,6	9,7	6,4	26,9	2,5	17,4	136,7	12	30
Manni	21-033	Massi	20-031	102,7	100,3	101,2	101,4	16,0	9,6	6,5	27,9	2,3	17,4	137,3	8	24
Klaki	21-032	Frosti	20-027	99,5	90,9	110,2	100,2	15,6	9,2	6,5	28,5	2,3	17,4	136,8	8	26
Fantur	20-021	Bliki	16-819	101,7	110,1	87,2	99,7	15,8	9,2	5,8	27,4	2,5	17,3	128,3	8	29
Geiri	20-025	Glámur	16-825	95,7	105,1	98,2	99,7	15,3	8,8	5,5	28,0	1,9	16,6	137,1	8	42
Partur	21-030	Geiri	20-025	100,5	100,4	98,1	99,7	15,7	9,2	6,1	27,8	2,2	17,3	136,6	13	34
Vörður	21-023	Svörður	18-854	106,9	93,8	94,2	98,3	16,4	9,4	6,6	28,1	2,2	17,1	138,7	9	26
Vinur	21-031	Frosti	20-027	92,3	99,2	102,7	98,1	15,1	9,3	6,2	28,2	2,1	17,2	135,9	13	40
Skalli	20-022	Viddi	16-820	94,1	108,5	87,1	96,6	15,2	8,9	5,6	27,3	2,3	17,1	132,0	8	51
Botn	21-034	Krimmi	20-032	94,3	98,0	97,4	96,5	15,2	8,9	5,9	27,5	2,0	16,9	138,4	8	34
Galsi	21-029	Glaumur	20-024	100,7	93,3	91,7	95,2	15,7	9,5	6,7	27,9	2,6	17,2	136,5	13	32
Bjartur	21-027	Bræðingur	20-020	95,2	84,7	96,9	92,3	15,3	8,9	6,4	27,2	2,1	17,4	140,8	10	36
Fauti	20-028	Mjólnir	16-828	93,7	89,6	91,6	91,6	15,2	8,2	5,5	27,5	1,9	16,8	140,4	10	44
Flötur	19-036	Fáni	18-032	103,5	99,7	69,3	90,8	16,0	9,0	5,9	26,5	2,7	17,1	134,4	8	33
Krimmi	20-032	Rammi	18-834	96,6	79,6	91,2	89,2	15,4	9,0	6,6	27,7	2,5	17,1	141,2	14	51
Frosti	20-027	Mínus	16-827	87,0	79,8	91,7	86,2	14,6	8,8	6,5	27,6	2,1	16,8	140,3	8	35

Líkt og haustið 2021 standa þeir efstir í heildina Massi 20-031 og Kubbur 18-024 en hafa nú sætaskipti. Massi sem er sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum á þann sláturlambahóp sem er langbest gerður en fita er meiri en á mörgum annara hópa í þessum samanburði. Fallþungi sláturlamba er 1,1 kg yfir meðaltalinu. Kubbur 18-024 sem er sonur Ebita 13-971 frá Melum 1 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og kemur auk þess sterkur út úr

mati á sláturlömbum. Kubbur stendur hér ofarlega í afkvæmarannsókn í fjórða sinn. Otur 20-030 er annar sonur Fálka 17-821 sem sýnir hér ágæta úrkomu í öllum þáttum rannsóknarinnar. Loks má nefna Köngul 21-022 sem er sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum en hann er númer tvö með gerð sláturlamba í þessari stóru rannsókn.

Eyjafjörður

Hríshóll, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Jóker	21-745	Jóki	20-755	103,3	98,5	116,1	106,0	18,5	10,3	6,3	33,2	2,8	17,8	135,6
Fáni	19-741	Fáfnir	16-995	92,7	106,5	114,6	104,6	17,6	10,7	6,2	33,1	3,0	18,0	133,4
Jóki	20-755	Mjöltnir	16-828	96,0	110,8	110,4	105,7	17,9	10,8	6,2	33,1	2,8	17,6	134,1
Gaulverji	21-747	Dreitill	19-509	102,0	110,4	100,1	104,2	18,4	10,3	5,8	32,6	3,0	17,8	138,6
Blési	21-743	Fáni	19-741	106,9	98,3	95,3	100,2	19,0	10,6	6,5	31,1	2,4	17,9	129,3
Berti	21-741	Kostur	19-849	104,2	63,5	57,6	75,1	18,6	10,1	7,4	29,6	3,2	17,8	138,3
Meðaltal:								18,2	10,5	6,3	32,3	2,9	17,8	135,1

Hér er ekki mikill munur á milli flestra hrútanna en efstur í heildareinkunn stendur Jóker 21-745 undan Jóka 20-755. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva en gerð sláturlamba er aðeins undir meðaltali þó fallþungi sé vel yfir meðaltali. Jóker er svartgolsóttur og er móðir hans dóttir Spaks 14-801 frá Oddsstöðum. Faðir Jókers, Jóki 20-755 kemur næstur og á hann best gerða sláturlambahópin þó fallþungi þeirra sé aðeins undir meðaltalinu. Jóki er sonur Mjöltnis 16-828 frá Efri-Fitjum og móðurfaðir hans er Tvistur 14-988 sem fenginn var af þessu búi í þjónustu stöðvanna. Jóki stóð eftur hér í afkvæmarannsókn haustið 2021. Fáni 19-741 sonur Fáfnis 16-995 frá Mýrum 2 á léttasta sláturlambahópin en þessi lömb koma vel út bæði í gimbradómum og flokkast vel í sláturhúsinu. Að baki móður Fána standa þeir Snævar 10-875 frá Hesti og Gráni 03-957 frá Stóru-Tjörnum í annan ættlið. Fáni er arfhreinn fyrir lítt næmri arfgerð vegna riðu.

Svertingsstaðir, Eyjafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Broddi	21-680	Hnikill	18-053	96,3	129,0	130,4	118,6	18,2	12,3	7,3	28,8	2,4	18,2	140,0
Boris	19-670	Mangi	17-123	101,8	117,2	127,2	115,4	18,8	11,1	6,8	29,1	2,6	17,7	138,1
Clinton	21-679	Borís	19-670	108,7	88,6	104,5	100,6	19,5	10,0	7,0	29,0	3,3	17,5	153,5
Brandur	21-681	Máfur	19-079	103,1	88,0	106,0	99,0	19,0	10,6	7,6	28,1	2,9	17,8	148,1
Plútó	20-674	Úranus	19-669	91,5	112,6	89,4	97,8	17,5	11,4	7,1	26,6	2,9	17,9	151,1
Heydalur	21-682	Boli	19-099	93,2	95,8	100,2	96,4	18,0	9,6	6,1	28,1	2,7	17,3	145,4
Mógli	20-675	Móri	13-982	108,6	72,1	88,4	89,7	19,8	9,6	7,5	28,5	3,4	17,4	148,0
Flekkur	21-677	Sigurviss	19-667	96,3	89,8	48,5	78,2	18,2	10,0	6,8	25,7	3,6	17,2	151,0
Meðaltal:								18,6	10,6	7,0	28,0	3,0	17,6	146,1

Hér skara þeir Broddi 21-680 og Boris 19-670 fram úr öðrum hrútum að flestu leyti. Broddi á þann gimbrahóp sem skorar langhæst í stigum fyrir framt og læri. Það endurspeglast vel í mati sláturlamba undan honum sem skara verulega fram úr öðrum hópum í þeim efnum.

Fallþungi þeirra er 0,4 kg undir meðaltali. Broddi er aðkeyptur frá Broddanesi 1 Boris 19-670 á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og þessi lömb eru fremur fitulítill. Fallþungi sláturlamba er aðeins yfir meðaltalinu, lömbin vel gerð en fremur fitulítill. Boris er aðkeyptur frá Heydalsá 1.

Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gæi	21-477	Hreinn	16-451	111,4	109,3	124,8	115,2	15,8	8,6	5,4	31,3	2,4	17,3	129,6
Surtur	19-468	Durtur	16-994	97,0	108,7	120,7	108,8	14,6	8,5	5,5	31,0	2,6	17,7	132,2
Gaur	21-478	Hreinn	16-451	108,7	98,4	114,0	107,1	15,7	8,8	6,0	30,0	2,0	17,2	130,2
Sokki	19-469	Gulli	16-398	99,4	119,2	96,1	104,9	14,7	8,7	5,3	29,6	2,5	16,9	137,0
Trausti	21-482	Surtur	19-468	103,8	112,8	94,1	103,6	15,1	8,8	5,5	29,1	2,4	17,3	131,2
Ármi	20-474	Sambó	19-467	89,3	117,4	100,0	102,2	13,4	8,4	4,8	28,6	1,9	17,2	143,5
Sambó	19-467	Durtur	16-994	100,8	88,2	114,1	101,0	14,8	8,3	5,9	30,6	2,7	17,7	134,1
Hreimur	21-479	Hreinn	16-451	97,4	99,2	98,4	98,3	14,6	8,1	5,4	28,1	1,6	17,2	134,2
Andri	21-481	Surtur	19-468	103,9	103,3	62,3	89,9	15,1	8,4	5,5	27,1	2,6	16,9	130,7
Prammi	21-484	Rammi	18-834	98,1	75,5	85,3	86,3	14,7	7,5	5,5	29,7	3,3	17,3	135,3
Bassi	21-483	Sokki	19-469	92,8	75,8	81,3	83,3	14,3	7,6	5,7	28,1	2,2	17,2	132,8
Meðaltal:								14,8	8,3	5,5	29,5	2,4	17,3	133,4

Hinn veturgamli Gæi 21-477 stendur hér efstur að þessu sinni. Gimbrahópurinn undan honum mælist með þykkastan bakvöðva. Fallþungi sláturlamba er 1 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar en fita á þessum lömbum eigi að síður aðeins undir meðaltali. Gæi er sonarsonur Svima 14-956 frá Ytri-Skógum en móðir hans er sonardóttir Kveiks 05-965 frá Hesti. Surtur 19-468 sonur Durts 16-994 frá Hesti kemur næstur í heildareinkunn og kemur hann mjög vel út úr mati á lifandi lömbum. Surtur stóð efstur í afkvæmarannsóknnum hér bæði 2020 og 2021. Sá þriðji í röðinni er Gaur 21-478 sem er albróðir Gæja 21-477. Hann sýnir eins og hann góða yfirburði í fallþunga sláturlamba og gerð þeirra er jafnframt ein sú besta.

Þingeyjarsýslur

Hrifla, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Manni	21-052	Börkur	17-842	111,4	132,5	157,0	133,7	18,2	11,4	7,2	34,2	2,4	18,4	141,3
Spiri	20-040	Landi	17-058	93,6	114,7	119,5	109,3	16,7	10,0	6,4	32,8	2,5	18,0	140,2
Hamar	20-041	Smiður	18-065	100,9	99,2	98,9	99,7	17,4	9,0	6,0	32,7	3,2	17,9	138,3
Strókur	21-049	Krókur	19-069	105,7	85,4	99,3	96,8	17,7	10,0	7,5	32,5	3,2	17,9	140,8
Tappi	21-054	Glitnir	19-848	101,1	87,6	88,5	92,4	17,3	9,1	6,5	31,4	2,4	17,7	142,9
Goði	21-048	Grettir	18-064	95,9	98,2	81,2	91,8	16,9	9,5	6,5	31,4	3,0	17,9	143,9
Spaði	21-053	Glitnir	19-848	98,8	104,4	71,1	91,4	17,1	9,6	6,4	30,9	2,8	17,6	144,3
Laddi	21-050	Skrámur	20-046	93,1	75,1	79,7	82,6	16,7	9,2	7,0	31,1	2,8	17,6	142,1
Meðaltal:								17,2	9,8	6,8	32,1	2,8	17,9	142,0

Manni 21-052 sonar Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum stendur hér afgerandi efstur í öllum þáttum rannsóknarinnar. Útkoma á mati á lifandi lömbum (20 gimbrum) er frábær, ekki síst í

samanburði við hina hrútana. Það endurspeglast svo vel í mati á sláturlömbunum þar sem hann skapar sömuleiðis langt fram úr með sinn afkvæmahóp. Loks er fallþungi þessara lamba 1 kg yfir meðaltali. Móðir Manna er dóttir Dreka 13-953 sem héðan kom á stöð á sínum tíma. Manna entist því miður ekki aldur til frekari afreka. Spíri 20-040 er í raun eini hrúturinn sem nær að sýna einhverja yfirburði fyrir utan Manna og sækir hann þá yfirburði bæði í mat á lifandi lömbum og í kjötmatseinkunn. Spíri er afkomandi Dreka 13-953 í föðurætt en móðir hans er dóttir Lása 13-985 frá Leifsstöðum.

Kross, Þingeyjarsveit

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Koli	20-177	Feigur	19-197	98,5	105,1	114,3	106,0	17,2	9,7	7,1	32,4	3,3	18,0	152,4
Nelson	20-174	Mjölur	16-828	107,1	110,8	96,8	104,9	18,0	9,2	6,4	31,6	3,2	17,8	144,4
Hvati	21-179	Snar	18-846	96,1	113,8	98,4	102,7	17,0	9,8	6,8	31,5	3,2	17,7	133,8
Bógur	20-175	Glámur	16-825	94,0	108,1	98,0	100,0	16,9	9,1	6,4	30,9	2,7	17,5	144,2
Álfur	21-181	Búi	15-822	99,3	95,0	99,7	98,0	17,3	8,7	6,6	31,3	2,8	17,6	141,8
Galsi	21-180	Snar	18-846	103,0	86,3	95,9	95,1	17,7	9,4	7,7	32,0	4,0	18,0	151,4
Bónus	21-182	Kostur	19-849	101,6	81,9	94,4	92,6	17,5	8,6	7,0	31,8	3,3	17,7	143,3
Meðaltal:								17,4	9,2	6,8	31,7	3,2	17,8	144,5

Líkt og haustið 2021 stendur hér efstur Koli 20-177. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast einna best. Gerð sláturlamba er sú önnu besta en fallþungi í tæpu meðallagi. Koli er sonarsonur Spaks 14-801 frá Oddsstöðum en að baki móður hans standa þeir Kornelíus 10-945 frá Stóru-Tjörnum og Kölski 10-920 frá Svínafelli í annan ættlið. Koli er dökkgrár að lit. Nelson 20-174 sonur Mjölris 16-828 frá Efri-Fitjum á sláturlambahóp sem er 0,6 kg yfir meðaltali rannsóknarinnar í fallþunga. Gerð þeirra er á meðaltali en fita er vel undir meðaltalinu þrátt fyrir þessa yfirburði í fallþunga. Móðir Nelsons er sonardóttir Bósa 08-901 frá Þóroddsstöðum og móðurmóðurfaðir er Bramli 04-952 frá Hesti. Hvati 21-179 sonur Snars 18-846 frá Leifsstöðum á best gerða sláturlambahópin sem er 0,4 kg undir meðaltali í fallþunga enda áberandi yngsti hópurinn sem hann á. Móðir Hvata er dóttir Kjarks 08-840 frá Ytri-Skjögum.

Ingjaldsstaðir, Reykjadal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bjartur	21-153	Stáli	20-186	98,2	108,3	138,8	115,1	17,2	9,7	6,3	35,1	2,8	18,4	135,0
Granni	21-152	Heimaklet	16-826	93,8	106,2	111,6	103,9	16,8	9,3	6,0	33,8	3,1	18,3	131,3
Grímur	20-182	Búi	15-822	93,1	101,1	103,4	99,2	16,9	10,1	7,0	33,1	3,2	18,3	127,7
Snúður	21-189	Glitnir	19-848	108,0	91,7	86,2	95,3	18,0	10,1	7,2	33,3	3,9	18,4	134,1
Spreki	21-151	Víðar	17-844	108,5	94,9	70,3	91,2	18,1	9,6	6,6	31,7	2,8	17,6	136,2
Meðaltal:								17,4	9,8	6,7	33,3	3,2	18,2	132,2

Bjartur 21-153 stendur hér langefstur í heildina. Yfirburði sína sækir hann mikið í mat á lifandi lömbum en dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast jafnframt frábærlega. Matið á sláturlömbum er ekki alveg í sömu hæðum þó það sé gott. Faðir Bjarts er sonarsonur Durts 16-994 frá Hesti en móðir hans er sonardóttir Dreka 13-953 frá Hriflu.

Úlfsbær, Bárðardal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Botni	20-782	Máni	19-030	103,4	105,5	135,3	114,8	16,9	9,5	6,2	32,4	2,3	18,1	136,4
Eldur	20-778	Amor	17-831	103,4	122,7	111,9	112,7	16,9	10,5	6,5	30,9	2,3	18,2	136,1
Skrámur	20-780	Glámur	16-825	106,1	113,0	92,8	104,0	17,1	10,5	6,8	29,9	2,5	18,2	136,5
Dagur	20-777	Heimaklet	16-826	101,1	89,9	113,3	101,4	16,7	9,8	7,0	31,3	2,8	18,1	137,6
Spakur	21-786	Kostur	19-849	97,3	106,4	91,7	98,5	16,4	9,8	6,5	30,3	2,5	17,7	128,9
Fóstri	21-030	Garpur	16-838	100,0	93,4	95,1	96,2	16,6	9,2	6,3	30,0	2,2	17,6	135,0
Kjói	21-784	Spotti	15-777	93,3	88,3	84,7	88,8	16,0	9,2	6,5	29,1	2,4	17,8	140,1
Kaldi	21-783	Spotti	15-777	95,7	80,8	62,2	79,6	16,2	8,9	6,5	28,4	2,7	17,7	126,4
Meðaltal:								16,6	9,7	6,5	30,5	2,5	18,0	134,6

Botni 20-782 stendur hér efstur í heildina en hann sækir yfirburði sína fyrst og fremst í mat á lifandi lömbum. Dætur hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast prýðilega. Sláturlömbin skara ekki fram úr í gerð en þau eru fitulítill og fallþungi 0,3 kg yfir meðaltali. Botni er sonarsonur Fjalldrappa 15-805 frá Hesti en móðir hans er dóttir Bekra 12-911 frá Hesti. Eldur 20-778 sonur Amors 17-831 frá Snartarstöðum á þann sláturlambahóp sem kemur best út úr kjötmatinu. Móðurfaðir Elds er Dreki 13-953 frá Hriflu. Skrámur 20-780 sonur Gláms 16-825 frá Svartárkoti á einnig prýðilegan sláturlambahóp sem er 0,5 kg yfir meðaltali í fallþunga og þyngsti hópurinn. Móðurfaðir Skráms er Vörður 12-925 frá Hriflu.

Yzti-Hvammur, Aðaldal

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Draugur	20-143	Vestri	16-144	107,7	128,1	129,3	121,7	16,4	11,9	6,5	32,5	2,9	18,4	150,3
Móði	20-145	Muninn	16-840	102,2	119,5	108,8	110,2	15,9	11,3	6,4	31,0	3,1	18,2	149,1
Prímus	21-152	Viðar	17-844	98,8	107,8	111,2	105,9	15,6	10,6	6,1	30,3	2,5	18,3	144,9
Magni	20-147	Muninn	16-840	95,3	112,6	106,3	104,8	15,3	10,3	5,7	30,4	2,8	18,1	137,3
Meistari	20-148	Kapall	16-869	96,0	97,2	108,3	100,5	15,4	10,3	6,3	31,2	3,2	18,2	145,8
Snúður	16-143	Hængur	10-903	94,2	92,0	88,2	91,5	15,3	10,1	6,2	29,2	2,4	17,7	141,5
Dómur	21-158	Kantur	20-144	115,1	73,2	81,2	89,8	17,4	10,6	7,4	29,4	3,0	17,9	141,3
Kjarni	21-155	Börkur	17-842	94,5	79,4	93,4	89,1	15,3	9,1	5,8	29,5	2,3	17,8	145,0
Skuggi	21-151	Freyr	18-147	102,6	77,0	76,4	85,3	16,0	9,8	6,6	28,5	2,2	17,5	143,5
Meðaltal:								15,7	10,4	6,3	30,2	2,7	18,0	144,5

Draugur 20-143 skarar hér talsvert fram úr öðrum hrútum í þessum samanburði og sýnir talsverða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Sláturlömb undan honum skara t.d. talsvert fram úr öðrum hópum í gerðinni. Stöðvahrúta er ekki að finna í ættartré Draugs fyrr en í þriðja lið þar sem sjá má þá Púka 06-807 frá Bergsstöðum og Mími 04-951 frá Hesti. Móði 20-145, sonur Munins 16-840 sem héðan kom á sæðingastöð, stóð hér efstur 2021 en þokar nú fyrir Draug. Útkoman hjá Móða er eftir sem áður ljómandi góð og lömbin mjög vel gerða miða við þunga. Prímus 21-152 undan Viðari 17-844 frá Bergsstöðum í Miðfirði kemur best út af veturgömlu hrútunum. Móðurfaðir Prímusar er Tinni 15-968 frá Ytri-Skógum.

Litlu-Reykir, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Blær	19-020	Salvar	14-215	105,1	108,7	142,5	118,8	17,8	12,2	7,8	35,8	3,2	18,5	148,7
Skápur	19-069	Durtur	16-994	97,8	125,0	115,6	112,8	16,8	11,5	7,0	32,8	2,5	18,3	147,7
Bjartur	19-081	Köngull	18-059	101,5	102,5	124,5	109,5	17,1	11,5	7,7	33,2	2,5	18,2	153,0
Stokkur	21-095	Mjólnir	16-828	95,6	117,4	104,0	105,7	16,5	11,3	6,8	32,8	3,0	18,5	148,2
Makki	21-093	Viðar	17-844	105,3	114,2	90,5	103,3	17,4	11,3	7,0	31,5	2,7	18,4	145,9
Klakkur	20-088	Aspar	17-324	101,8	102,3	102,7	102,3	17,0	11,1	7,3	31,8	2,4	18,2	151,0
Plástur	19-071	Arfi	16-039	97,2	103,4	99,5	100,0	16,7	11,4	7,6	31,7	2,4	18,1	150,5
Öxull	19-068	Fáfnir	16-995	96,8	98,1	100,1	98,3	16,6	10,2	6,5	32,3	2,7	18,1	151,9
Klossi	21-094	Klassi	18-058	98,0	100,8	94,9	97,9	16,6	10,8	7,0	32,3	3,2	18,4	153,5
Dúnn	21-097	Plástur	19-071	104,6	71,3	115,3	97,0	17,4	10,1	7,5	33,3	2,7	18,4	150,5
Sveipur	17-053	Kambur	16-038	103,9	96,1	88,1	96,1	17,3	11,0	7,4	31,8	2,9	18,2	148,0
Hraðall	21-096	Glitnur	19-848	96,4	101,8	71,4	89,9	16,5	10,8	7,0	29,5	2,4	17,9	147,8
Marbendill	20-086	Uggi	19-070	100,1	73,0	78,7	83,9	16,9	10,3	7,6	31,1	2,6	17,9	149,8
Fossbúi	21-098	Beykir	20-082	96,6	73,7	76,4	82,2	16,6	9,9	7,3	30,7	2,5	18,0	148,8
Meðaltal:								16,9	11,0	7,2	32,1	2,6	18,2	149,7

Efstur stendur Blær 19-020 en hann sækir yfirburði sína fyrst og fremst í mat á lifandi lömbum. Yfirburðir afkvæma hans í þykkt bakvöðvans eru fádæma miklir og stígun þeirra jafnframt frábær. Sláturlömb undan Blæ skara einnig verulega fram úr í gerð en jafnframt feitasti hópurinn. Fallþungi sláturlamba er 0,9 kg yfir meðaltali. Blær er aðkeyptur frá Kollavík, sonarsonur Salamons 10-906 frá Gröf. Skápur 19-069 sonur Durts 16-994 frá Hesti er næstur og er hann að skila glæsilegu kjötmati hjá afkvæmum sínum. Skápur var einnig í öðru sæti haustið 2021. Bjartur 19-081 á vel gerðan sláturlambahóp en þessi lömb eru jafnframt í feitari kantinum en fallþungi aðeins yfir meðaltali. Af stöðvahrútum standa þeir Grímur 14-955 frá Ytri-Skógum og Kölski 10-920 frá Svínafelli næstir að baki Bjarti í þriðja ættlið. Bjartur hefur staðið framarlega í afkvæmarannsóknnum hér haustin 2020 og 2021. Veturgömlu hrútarnir Stokkur 21-095 sonur Mjólnis 16-828 frá Efri-Fitjum og Makki 21-093 sonur Viðars 17-844 frá Bergstöðum eru að skila þrýðilegu kjötmati.

Skarðaborg, Reykjahverfi

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþungi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Heimdallur	18-109	Tinni	15-968	104,6	113,5	122,6	113,6	16,1	11,0	6,2	31,0	2,7	18,2	130,3
Aðall	21-116	Máttur AH	20-113	99,6	113,4	110,5	107,8	15,7	10,5	5,7	30,4	2,4	17,8	126,1
Kolbeinn	21-503	Gylfi	16-721	104,4	107,3	101,0	104,2	16,2	10,8	6,2	29,8	2,7	17,8	133,5
Suddason	21-107	Suddi	17-872	95,4	83,9	108,7	96,0	15,3	9,6	6,0	30,4	2,3	17,4	133,2
Ábati AHC	21-112	Heimdallur	18-109	96,0	87,1	81,3	88,1	15,4	10,1	6,4	28,5	2,5	17,4	131,9
Vöðvi	21-102	Aron	20-103	97,4	81,7	76,3	85,1	15,5	9,7	6,2	28,6	2,9	17,4	128,1
Meðaltal:								15,8	10,4	6,1	29,8	2,6	17,7	130,3

Heimdallur 18-109 sonur Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum stendur hér nokkuð afgerandi efstur en hinir hrútarnir sem þátt taka eru allir veturgamlir. Heimdallur hefur tekið þátt í afkvæmarannsóknnum hér á undanförunum árum og staðið sig vel en aldrei orðið efstur fyrr en núna. Nú á hann gimbrahópinn sem mælist og stigast best og gerð sláturlamba er jafnframt sú besta. Að baki móður hans standa þeir Rafall 09-881 frá Úthlíð og Sokki 07-835 frá Brúnastöðum í annan ættlið. Aðall 21-116 stendur sig heilt yfir best af veturgömlu hrútunum. Aðall er sonarsonur Heimdallar 18-109 sem fjallað er um hér að ofan. Kolbeinn 21-503 stendur þó heldur betur þegar horft er til gerðar og fallþunga sláturlamba. Kolbeinn er til heimilis að Einarstöðum 1 í Reykjahverfi og er dóttursonur Kalda 12-950 frá Oddsstöðum.

Klifshagi 2, Öxarfirði

Örn 20-761 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum stendur hér afgerandi efstur í heildareinkunn. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Gerð sláturlamba er sú besta, fallþungi 0,4 kg yfir meðaltali en fita vel undir meðaltali. Örn er sívalhyrndur enda móðurleggur hans hyrndar kindur. Hamar 20-285 sonur Ramma 18-834 frá Hesti sýnir hér ágæta útkomu. Fallþungi sláturlamba undan honum er t.d. 1,4 kg yfir meðaltalinu. Hamar er fallinn en hann var til heimilis á Þverá í sömu sveit. Að baki móður hans standa þeir Danni 12-923 frá Sveinungsvík og Kári 10-904 frá Ásgarði í annan ættlið. Magnús 20-763 sonur Mínusar 16827 frá Mýrum 2 skilar mjög góðir flokkun sláturlamba miða við fallþunga. Móðir Magnúsar er sonardóttir Gróða 11-958 frá Hólsgerði. Þessir þrír hrútar báru nokkuð af öðrum hrútum í rannsókninni.

Múlasýslur

Burstarfell, Vopnafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Birtingur	19-105	Skuggi	18-293	109,1	130,7	123,3	121,1	19,5	10,7	6,2	30,8	2,5	17,5	128,1
Hrímnir	21-730	Ísar	19-101	93,7	131,1	114,7	113,2	17,9	9,9	5,8	30,3	2,5	17,6	130,6
Atlas	21-735	Hrókur	20-109	102,1	83,6	108,7	98,1	18,6	8,6	6,3	30,5	2,4	17,3	129,1
Reynir	21-725	Viðar	17-844	98,9	100,7	86,7	95,4	18,3	9,6	6,6	28,6	2,6	17,4	133,4
Logi	21-731	Birtingur	19-105	100,0	94,4	89,4	94,6	18,4	8,8	6,0	29,9	3,0	17,3	123,6
Glóinn	21-726	Glitnir	19-848	97,7	82,0	88,1	89,3	18,2	8,8	6,5	28,6	2,4	17,2	134,2
Fantur	21-721	Dólgur	14-836	101,3	78,0	74,4	84,6	18,5	8,4	6,3	28,1	2,6	17,1	129,6
							Meðaltal:	18,4	9,2	6,2	29,8	2,6	17,4	130,1

Líkt og haustið 2020 stendur Birtingur 19-105 hér nokkuð afgerandi efstur og sýnir mikla yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Hann á þann sláturlambahóp sem er langbest gerður og dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva. Birtingur er sonarsonur Dranga 15-989 frá Hriflu og að baki móður hans í annan ættlið standa þeir Danni 12-923 frá Sveinungsvík og Saumur 12-915 frá Ytri-Skógum. Birtingur er því miður fallinn en virðist ætla að reynast alhliða sterkur kynbótahrútur. Hrímnir 21-730 kemur langbest út af veturgömlu hrútunum. Stöðvahrúta er ekki að finna í ættartré hans fyrr en í þriðja lið þar sem Danni 12-923 frá Sveinungsvík skýtur upp kollinum.

Fossárdalur (Eiríksstaðir), Berufirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Fönix	21-010	Fálki	17-821	105,6	110,7	126,5	114,3	17,3	10,7	6,5	32,3	2,5	18,1	141,6
Draugur	21-009	Fennir	19-857	105,5	96,8	130,0	110,8	17,3	10,4	6,7	32,0	2,2	17,9	147,6
Hljómur	21-012	Kostur	19-849	97,5	114,2	82,8	98,2	16,7	10,5	6,3	29,0	2,2	17,4	143,8
Zorro	21-016	Fennir	19-857	104,3	95,1	90,4	96,6	17,2	10,6	7,0	30,5	2,9	17,6	141,6
Sigur	21-013	Klettur	16-851	99,7	104,5	79,8	94,7	16,9	10,3	6,3	29,3	3,0	17,6	148,3
Vikur	21-015	Kostur	19-849	88,6	78,3	82,6	83,2	16,0	9,5	6,7	29,8	2,9	17,6	142,1
Meðaltal:								16,9	10,3	6,6	30,6	2,6	17,7	144,0

Fönix 21-010 sonur Fálka 17-821 frá Bassastöðum stendur hér efstur í heildina. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og stigast best fyrir læri. Gerð sláturlamba er jafnframt sú besta og fallþungi þeirra 0,4 kg yfir meðaltalinu. Móðurfaðir hans er aðkeyptur frá Miðdalsgröf við Steingrímsfjörð. Draugur 21-009 sonur Fennis 19-857 á einnig mjög glæsilegan dætrahóp en það endurspeglast ekki alveg jafn skýrt í sláturlambahópnum en þau eru í vænni kantinum eins og afkvæmi Fönix. Móðir Draugs er dóttir Molla 13-981 frá Heydalsá 1

Austur-Skaftafellssýsla

Nýpugarðar, Hornafirði

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Svarti Pétur	20-593	Glæpon	17-809	102,3	136,5	132,4	123,7	15,9	11,1	6,7	29,5	3,0	17,9	166,5
	21-509	Börkur	17-842	97,7	131,8	127,2	118,9	15,6	10,6	6,2	29,2	2,8	17,8	146,5
Lækur	18-581		15-754	95,0	125,6	121,7	114,1	15,4	10,5	6,6	28,2	2,3	17,6	163,6
Hnakki	19-582		18-577	111,3	103,9	119,6	111,6	16,5	9,9	6,6	28,5	2,6	17,5	163,6
	21-507	Börkur	17-842	99,8	128,3	100,0	109,4	15,8	10,6	6,3	27,8	2,9	17,4	152,1
	21-510	Nonni litli	19-588	106,1	106,6	104,2	105,6	16,4	9,7	6,2	27,9	3,0	17,7	166,2
Fjandi	16-558	Skratti	12-913	105,0	88,3	121,5	105,0	16,1	9,3	6,6	28,6	3,0	17,9	164,0
	21-501	Fjandi	16-558	98,4	118,5	92,1	103,0	15,6	10,6	6,7	26,7	2,9	17,7	153,8
Nonni litli	19-588	Mói	17-001	92,6	93,1	122,8	102,8	15,2	9,1	6,3	29,0	2,6	17,5	150,8
	21-504	Amor	17-831	101,5	89,4	112,9	101,2	16,0	9,0	6,4	28,5	2,6	17,6	152,5
Krókur	15-755	Lækur	13-928	99,9	101,6	90,8	97,4	15,8	9,4	6,2	27,2	2,6	17,2	169,3
	21-508	Mjólnir	16-828	108,4	103,7	76,2	96,1	16,5	9,7	6,4	26,3	2,6	17,1	151,5
	21-505	Hnakki	19-582	97,7	76,0	99,7	91,1	15,6	8,7	6,6	26,9	2,0	16,8	154,5
	21-506	Ljómi	17-569	98,2	77,5	87,9	87,9	15,6	8,8	6,6	27,4	2,9	17,4	138,8
	21-511	Austri	19-847	93,7	85,4	82,4	87,2	15,2	9,4	6,9	26,6	2,7	17,3	150,2
Massi	20-596	Köggull	17-810	99,0	85,2	65,3	83,2	15,7	9,4	6,9	25,1	3,2	17,7	152,8
	21-503	Mjólnir	16-828	88,4	81,0	63,1	77,5	14,8	8,3	5,9	25,5	2,8	17,0	153,9
Korgur	21-512	Járnkall G	19-090	98,8	47,8	76,1	74,3	15,7	7,9	6,8	25,9	2,7	17,3	162,0
Meðaltal:								15,8	9,6	6,5	27,5	2,7	17,5	158,0

Svarti-Pétur 20-593 sonur Glæpons 17-809 frá Hesti stendur hér efstur í heildina. Dætur hans mælast með þykkastan bakvöðva og dæmast vel að öðru leyti. Gerð sláturlamba undan Svarta-Pétrum er jafnframt sú besta og fallþungi í meðallagi. Hann stóð ofarlega í afkvæmarannsókn hér haustið 2021. Móðir hans er dóttir Mávs 15-990 frá Mávahlíð. Næstur kemur veturgamall hrútur númer 21-509 undan Berki 17-842 frá Kjalvararstöðum. Afkvæmi hans koma mjög vel út úr bæði mati á lifandi lömbum og sláturlömbum en fallþungi er í tæpu meðallagi. Þá kemur Lækur 18-581 sem komið hefur við sögu í toppsætum afkvæmarannsókna hér síðustu árin. Hann stóð efstur haustið 2020, í öðru sæti 2021 og

þokast nú niður í þriðja sætið. Hann er sonarsonur Læks 13-928 frá Ytri-Skógum og að baki móður hans í annan lið standa þeir Fannar 07-808 frá Ytri-Skógum og Þrjónn 07-812 frá Hesti. Afkvæmi Læks flokkast mjög vel miða við fallþunga. Annar veturgamall sonur Barkar 17-842 frá Kjalvararstöðum á þarna sláturlambahóp sem flokkast mjög vel. Þetta er hrútur númer 21-507 og er móðir hans sonardóttir Saums 12-915 frá Ytri-skógum og þessi hrútur því aðeins skyldleikaræktaður.

Rangárvallasýsla

Teigur, Fljótshlíð

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Skari	21-392	Mjöllnir	16-828	108,6	125,2	126,9	120,2	18,5	11,0	6,4	32,2	2,3	18,2	156,7
Ári	21-390	Draugur	18-390	100	120,4	112,4	110,9	17,8	10,7	6,2	30,8	2,3	18,2	148,4
Kátur	21-431	Glaður	19-001	102,2	113,5	110,8	108,8	18,0	11,1	6,9	31,0	2,4	18,2	147,7
Bónði	20-436	Búi	15-822	100	124,2	92,4	105,5	17,8	10,9	6,3	30,1	2,5	18,0	150,1
Þorskur	21-437	Baltó	19-031	118,4	86,3	99,9	101,5	19,6	9,8	6,6	31,5	2,5	17,7	148,8
Melur	21-433	Mörður	20-333	98,4	88,0	110,2	98,9	17,7	9,4	6,0	32,3	2,7	17,7	148,3
Hringur	21-399	Rammi	18-834	99,5	89,1	99,4	96,0	17,8	10,0	6,6	31,3	2,4	17,6	145,0
Búkki	21-434	Múkki	18-433	94,9	104,6	87,9	95,8	17,5	9,8	5,9	29,5	2,3	17,8	151,9
Örn	21-439	Fálki	17-821	98,6	110,7	75,8	95,0	17,7	10,6	6,4	28,6	2,3	17,8	149,3
Strigi	21-396	Rammi	18-834	101,6	65,5	93,8	87,0	18,0	9,9	7,3	30,3	2,6	18,1	150,9
Gassi	21-432	Garpur	15-392	86,9	71,9	83,4	80,7	17,0	9,4	6,5	30,4	2,8	17,6	156,6
Meðaltal:								17,8	10,2	6,4	30,8	2,4	17,9	150,7

Skari 21-392 sonur Mjöllnis 16-828 frá Efri-Fitjum stendur hér efstur í heildina. Dætur hans mælast með næstþykkastan bakvöðva og stigast mjög vel. Gerð sláturlamba undan Skara er jafnframt sú næstbesta og fallþungi 0,7 kg yfir meðaltalinu. Skari er dóttursonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Ári 21-390 sonur Draugs 18-390 kemur þrýðilega út úr mati á lifandi lömbum og út úr kjötmatinu. Draugur 18-390 faðir hans skipði annað sætið bæði haustin 2020 og 2021 þannig að Ári tekur við sæti föður síns. Móðir Ára er sonardóttir Garra 11-908 frá Stóra-Vatnshorni. Kátur 21-431 á þann sláturlambahóp sem metin er best gerður en fita á þessum lömbum er í hærri kantinum í þessum samanburði, þó ekki sé hún áhyggjuefni. Kátur var dóttursonur Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum. Bónði 20-436 sonur Búa 15-822 frá

Lækjarvöllum skilar líkt og haustið 2021 prýðilegum lambahópi. Móðir Bónða er dótturdóttir Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum

Árnessýsla

Gýgjarhólskot, Biskupstungum

Nafn	Númer	Faðir nafn	Faðir númer	Eink. Fallþ.	Eink. Kjötmat	Einkunn líflömb	Eink. Heild	Fallþu ngi	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Höfuðstóll	21-265	Austri	19-847	107,5	107,0	118,6	111,0	24,2	11,6	7,8	33,3	3,4	17,8	161,9
Gúmmítékki	21-264	Garpur	16-838	87,0	106,7	130,7	108,1	22,6	11,1	7,4	34,3	3,9	18,2	164,4
Vaxtamunur	21-268	Hverarindil	20-257	101,7	108,6	99,5	103,3	23,7	11,2	7,4	31,2	3,1	18,0	160,4
Virðisaukask	21-267	Blossi	16-837	86,9	106,1	112,5	101,8	22,5	11,0	7,4	32,2	3,4	18,1	161,2
Víxill	21-266	Hverarindil	20-257	121,9	87,7	85,4	98,3	25,3	10,8	7,6	30,3	3,3	18,1	160,9
Reikningur	21-263	Austri	19-847	99,8	109,6	66,9	92,1	23,6	11,5	7,7	29,8	3,5	17,8	161,2
Verðbólguðræ	21-269	Flúðalúði	20-255	96,8	69,7	97,4	88,0	23,3	10,1	7,9	31,6	3,6	18,1	163,3
							Meðaltal:	23,6	11,1	7,6	31,6	3,5	18,0	161,9

Hér eru lömbin þyngri og proskaðri en gerist og gengur eins og sjá má á fallþunganum.

Höfuðstóll 21-265 sonur Austri 19-847 frá Hesti stendur hér efstur í heildina og sýnir yfirburði í öllum þáttum, mest þó í mati á lifandi lömbum. Sláturlambahópurinn hjá honum er metinn best gerður. Móðir Höfuðstóls er sonardóttir Guðna 09-902 frá Mýrum 2.

Gúmmítékki 21-264 sonur Garps 16-838 frá Staðarbakka á þann gimbrahóp sem mælist með þykkastan bakvöðva og þær stigast jafnframt best fyrir lærahold. Fallþungi sláturlamba undan honum er hinsvegar 1 kg undir meðaltali rannsóknarinnar. Móðir hans er dóttir Dreka 13-953 frá Hriflu.